

SÓLVEIG HELGA ZOPHONÍASDÓTTIR

Lærði mandarín og kenndi ensku í Kína

ferðir bílar
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HÚSBYGGJANDINN

Form og stíll frá fyrri tíð

Sérblað um framkvæmdir og byggingar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JAN MURTOMAA

Íslandskynning á paradísareyju

Menningarsamband milli Íslands og Antígva
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. janúar 2008 – 22. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Skiltaskipti í Ráðhúsinu
Mikið að gera í merkingum í Ráðhúsi Reykjavíkur.
FÓLK 30

Enska með íslenskum hreim
Jennifer Connelly undirbýr sig vel fyrir leik sinn í Slóð fiðrildanna.
FÓLK 22

Mynstur og endurtekning
Snæfríð Þorsteins og Sigríður Sigurjónsdóttir opna sýningu í Gallery Turpentine.
MENNING 20

Martraðarbyrjun
Þjóðverjar skoruðu sex fyrstu mörkin og unnu Íslendinga með átta marka mun á EM í Noregi.
ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



ÉLJAGANGUR Í dag verða víðast suðvestan 5-10 m/s. El sunnan og vestan til en úrkomulítið norðan og austan til. Hiti nálægt frostmarki.

VEDUR 4

Segir sjálfstæðimenn hafa boðið samstarf

Björn Ingi Hrafnsson segir sjálfstæðismenn hafa boðið sér að taka þátt í myndun nýs meirihluta. Vilhjálmur hafnar því að rætt hafi verið við aðra en Ólaf.

STJÓRN MÁL „Ég hef vissulega fengið vinsamlegar ábendingar frá góðum félögum mínum í Sjálfstæðisflokknum um að það væri hægt að koma á meirihlutasamstarfi á ný, en það voru ekki neinar formlegar viðræður,“ segir Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna, hafnar því alfarið að leitað hafi verið eftir samstarfi við aðra en Ólaf F. Magnússon. „Það voru engar viðræður um myndun nýs meirihluta fyrr en við fórum í viðræður við Ólaf, það er klárt,“ segir Vilhjálmur.

Undir orð Vilhjálms tekur Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. „Ég held að þetta séu aðeins dagdraumar hjá Birni Inga.“


Í hádegisviðtali Stöðvar 2 í gær sagði Ólafur F. Magnússon, verðandi borgarstjóri, að sjálfstæðis-

menn í borgarstjórn hafi verið að þreifa á öllum flokkum í fráfarandi meirihluta alveg frá því að slitnaði upp úr samstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fyrir þremur mánuðum. Ólafur sagði sjálfstæðismenn hafa meðal annars boðið Svandís Svavarsdóttur, oddvita Vinstri grænna, borgarstjórastólinn.

Svandís segir að ýmsar þreifingar hefðu átt sér stað af hálfu sjálfstæðismanna strax eftir að slitnaði upp úr samstarfi þeirra við framsóknarmenn. Hafi þeir þá meðal annars leitað til sín. „Ég vissi svo sem að sjálfstæðismenn vildu ólmir komast til valda en í ljósi atburðanna síðustu daga sést að þeir svífast einskis í þeim tilgangi,“ segir hún.

Allt bendir til að Kjartan Magnússon verði stjórnarformaður OR og Hanna Birna Kristjánsdóttir forseti borgarstjórnar.

- jse / -shá / sjá síðu 2, 4, 6



BROS Á MÓTI Fimm ára gömul sierraleónsk stúlka, Senyo, brosir sínu blíðasta til fótboltastjórnnar Davíds Beckham sem er staddur í Sierra Leone á vegum Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Beckham kynntist Senyo og fleiri börnum í heimsókn sinni í miðstöð fyrir vannærð börn í bænum Makeni.



ÚR KOMPÁSI Ragnar Óskarsson varð nýverið fyrir atlögu handrúkkara.

Fjölskyldufaðir í Vogum: Stóð gegn þrem handrúkkurum

LÖGREGLUMÁL „Maður tekur svona hótunum og húsbroti mjög alvarlega og gengur götuna á enda.“ Þetta segir Ragnar Óskarsson, fjölskyldufaðir í Vogum á Vatnsleysuströnd, sem nýverið varð fyrir því að þrjú handrúkkarar gerðu atlögu að heimili hans og fjölskyldu. Þeir sögðu son hans skulda 50 þúsund krónur og voru komnir til þess að sækja þær.

„Það eru bara tveir kostir í stöðunni, að borga eða að borga ekki,“ segir Ragnar, sem ákvað að borga ekki. Hann fylgdi máli sínu fast eftir sem leiddi til þess að handrúkkararnir voru allir handteknir skömmu eftir húsbrotið.

- jss / sjá síðu 12

Markaðir sneru til baka: Stýrivaxtalækkun hefur áhrif

VÍÐSKIPTI Miklar lækkunir á verði hlutabréfa í Kauphöll Íslands í gær gengu að nokkru til baka eftir óvænta stýrivaxtalækkun í Bandaríkjunum.

Fyrri partinn stefndi í að gærdagurinn yrði ekki eftirbátur mánudagsins, þegar markaðir lækkuðu um heim allan og Úrvalsvísitalan hér féll um tæp 3,86 prósent. Í gær lækkaði vísitalan hér um 0,56 prósent. Í Evrópu hækkuðu markaðir um tvö til sex prósent, en í Bandaríkjunum dró heldur úr miklum lækkunum sem áttu sér stað fyrir vaxtaákvörðunina. Sérfræðingur Kaupþings segir lækkunir í byrjun vikunnar bera merki yfirskaots.

- óká / sjá Markaðinn

Prjátíu og fimm ár síðan eldgos hófst í Heimaey: Vikurfok minnir á tímamótin

TÍMAMÓT Prjátíu og fimm ár eru í dag liðin frá því að gos hófst í Vestmannaeyjum. Það var ekki laust við að nokkrum þeirra sem muna eftir gosinu brygði við í gær því margt minnti á daginn orlagaríka. „Ég man það vel að það var mikið fávíðri daginn áður því þá var ég, 15 ára þeyning, sendur að sækja ruslatunnuna sem hafði fokið út á tún,“ segir Óskar Friðriksson.

Hann segir vikur hafa fokið að

undanförunu á milli fellanna og yfir hluta bæjarins þótt bæði snjó og rigning ætti að þyngja vikurinn. „Ég man ekki eftir viðlíka foki í áratugi,“ segir Óskar.

Eyjamenn minnst tímamótanna í dag með blysför sem farin verður frá kirkjunni. „Þar mun eitthvað óvænt gerast,“ segir Kristín Jóhannsdóttir, einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. Því næst verður farið í Höllina þar sem

Eyjamenn munu skemmta hver öðrum með sögum, söngvum og öðrum uppákomum.

Sjálfr man Kristín vel eftir upphafi gossins. „Ég hélt bara að það væri komið strið enda var þetta í miðju kalda stríðinu. Mér var hins vegar létt þegar mér varð ljóst að þetta var eldgos en við Vestmannaeyingar þekktum það vel eftir að hafa horft upp-á Surtseyjargosið nokkrum árum áður.“

- jse / sjá síðu 16

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkíð ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

Tilboð á markettlagningu. 1800 kr. vör. m²
600 tilboð á uppsetningu innréttinga.
Uppsetning innihurða.
Góðir reyndir smiðir. Eðkió tímalega. VI smiði s. 835 2063

Nýjung
Meistara-flokkssúpur
Girnileg nýjung með 2 í pakka.
Fæst í næstu verslun.
Maggi Masterklass
MEÐ MÆLI

SPURNING DAGSINS



Hrefna, væri ekki ráð að kalla ykkur Hjúklinga?

„Annað hvort það eða Hátekkjufólk-
ið.“

Hrefna Hugadóttir er einn af stofn-
endum Ungliðadeildar Félags íslenskra
hjúkrunarfræðinga.

Formaður fjárlaganefndar: Þingmenn tali upp, ekki niður

ALÞINGI Íslenskt atvinnulíf þarf á því að halda að þingið styðji við atvinnulíf og tali hlutina upp en ekki niður sagði Gunnar Svavars-
son, formaður fjárlaganefndar Alþingis, í umræðum um efnahagsmál á þingi í gær.



**GUNNAR
SVAVARSSON**

Þar staðfesti Gunnar að óvissuþættir í efnahagsspá væru meiri en áður, en mikil-
vægt væri að stjórnvöld héldu ró sinni.

Þjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, gagnrýndi stjórnvöld harðlega fyrir aðgerðaleyfi í efnahagsmálum, og sakaði ríkisstjórnina um að breyta kjark til að taka á erfiðri stöðu í efnahagsmálum. - bj

Samfélagsverðlaun:

Lesendur geta enn tilnefnt

FÓLK Tilnefningar til Samfélags-
verðlauna Fréttablaðsins eru nú orðnar á annað hundrað talsins. Skilafrestur rennur út mánudaginn 28. janúar næstkomandi og eru lesendur Fréttablaðsins hvattir til að nýta næstu daga til að senda inn sínar tilnefningar.

Þetta er í þriðja sinn sem Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt og koma allir til greina, félagsamtök, óþekktir eða þjóðþekktir einstaklingar sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Verðlaunahafar verða kynntir í febrúar. Tilnefningar má senda inn á slóðinni www.visir.is/samfelagsverðlaun. - ovd

Fischer kvæntist framkvæmdastjóra japanska skáksambandsins árið 2004:

Héldu hjónabandinu leyndu

FÓLK „Þau kusu einfaldlega að láta heiminn ekki vita af því að þau væru gift,“ segir Árni Vilhjálmsson, lögmaður Miyoko Watai, eiginkonu Bobbys Fischer.

Russel Targ, eiginmaður systur Bobbys Fischer, er nú hér á landi sem fulltrúi ættingja Fischers í Bandaríkjunum. Systirin er látin en Targ vill kanna hvort börn þeirra eigi tilkall til arfs eftir móðurbróður sinn. Árni segir svo ekki vera í ljósi þess að þau Fischer og Miyoko hafi gengið í hjónaband árið 2004 og hún sé því einkaerfingi. Segist hann hafa hjúskaparvottorð þeirra undir höndum auk þess sem sér hefði

verið kunnugt um ráðahaginn. „Bobby sagði mér þetta þegar ég fór til hans á spítalann fyrir stuttu. Svo hefur verið talað um að hann ætti barn en ég hef ekkert heyrt um það.“

Miyoko er framkvæmdastjóri Skáksambands Japans. Að sögn Árna höfðu Fischer og Miyoko átt í sambandi í áratugi þegar hann lést. „Hún var einfaldlega konan í lífi hans,“ segir Árni.

Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður Targs, segir hjúskap Fischers og Miyokos í sjálfu sér ekki dreginn í efa. Hins vegar sé nú verið að biða þess að hjúskaparvottorðið komi úr þýðingu svo



BOBBY FISCHER Skámeistarinn hvílir nú í íslenskrí mold og lætur eftir sig japanska eiginkonu.

staðfesta megi innihald þess.

Fischer átti litla þakfúð í Espi-
gerði auk annarra eigna. - gar

Hátt í hundrað manns missa vinnuna í vor

Forráðamenn Vísis hafa ákveðið að hætta vinnslu í vor og fram á haust á Húsa-
vík og Þingeyri. 80 manns munu missa vinnu á meðan. Verkakona hjá Vísi á Þingeyri segir erfitt að fá aðra vinnu á svæðinu.

SJÁVARÚTVEGUR Forráðamenn Vísis hf. hafa ákveðið að stöðva framleiðslu í verksmiðjum sínum á Húsa-
vík og Þingeyri frá 1. maí til 1. október næstkomandi. Samtals munu þá um 80 manns missa vinnu sína á meðan, 50 á Húsavík en 30 á Þingeyri. „Þetta er bein afleiðing af kvótakerðingu stjórnvalda í haust,“ segir Pétur Pálsson framkvæmdastjóri. „Við erum ekki nema sjö mánuði að veiða þennan kvóta sem við erum nú með. Við vorum búinir að búa þannig um hnútana að heimildin gæti dugað allt árið en eftir skerðinguna fórum við úr 16 þúsund tonnnum í 12 þúsund og við verðum að bregðast við því með þessum hætti.“ Hann segir að ef frá eru talin sumarfrí starfsfólks verði það án atvinnu í þrjá og hálfan mánuð.

„Þetta hefur þær afleiðingar fyrir mig að ég verð án atvinnu í sumar,“ segir Valdís Bára Kristjánsdóttir, verkakona hjá Vísi á Þingeyri. „Ég tel það afar ólíklegt að ég fái aðra vinnu hér á Þingeyri. Það er ekki mikið að hafa og jafnvel ekki heldur á Ísafirði.“

Hún segist hafa tekið ákvörðun Vísismanna af ró eins og flestir samstarfsmenn hennar. „Ég hafði heyrt af svo mörgum lokunum að ég bjóst nú við því að einhver tímavann drægi til tíðinda hér og í raun er það ákveðinn léttir að þetta er ekki verra en raun ber vitni og nú veit ég þó hvernig þeir ætla að bregðast við. Ég er í raun þakklát Vísi fyrir það hvernig þeir hafa náð að halda uppi vinnslu hérna í þorpinu þrátt fyrir þessar hörmulegu rekstraraðstæður sem þeir verða að búa við.“

En telur Valdís Bára að starfsmenn Vísis muni flytjast frá Þingeyri? „Fólk er að melta þetta,“ segir hún. „Við vitum enn ekki nákvæmlega hver okkar staða er. Ég veit svo sem ekki hvort það býði mín frekara atvinnuöryggi ef ég flyt í bæinn. Ég er ekki með mikla menntun og er einstæð móðir svo ég veit ekki hverjir mínir möguleikar yrðu ef ég flytji suður. Það er í raun um tvennt að velja hjá mér; annaðhvort að koðna niður í svartisýni eða þá að taka þessu með bjartsýni.“

Guðbergur Rafn Ægisson, starfsmaður Vísis á Húsavík, segir að þar hafi menn tekið tíðindunum með ró enda vissu flestir að einhver vinnslustöðvun myndi eiga sér stað. „Svo er atvinnusvæðið hér frekar stórt og öflugt þannig að menn eygja von þótt



VINNSLUHÚS VÍSIS Á HÚSAVÍK Vinna mun að öllu óbreyttu liggja niðri í vinnslustöðvum Vísis á Húsavík og Þingeyri í sumar. Framkvæmdastjórinn segir það beinar afleiðingar af skerðingu veiðiheilmilda sem tekinn var ákvörðun um af stjórnvöldum síðastliðið haust. MYND/ GUÐBERGUR RAFN ÆGISSON



**VALDÍS BÁRA
KRISTJÁNSDÓTTIR**

svona fari, en svo er það heldur ekki víst að til lokunar komi því þeir sögðust mundi endurskoða þessa ákvörðun í mars,“ segir hann.

Vísir er einnig með vinnslu í Grindavík og Djúpa-
vogi. Pétur segist vongóður um framhaldið í haust þegar vinnsla hefst aftur en þó gæti fleiri aðhaldsaðgerða orðið þörf þegar fram líða stundir því áhrifanna á skerðingu aflaheimilda muni gæta af þunga á næsta ári. jse@frettabladid.is

Jafnréttindafélag Íslands: Fjölbreytt jafn- réttisumræða

FÉLAGSMÁL „Tilgangur félagsins er að stuðla að aukinni fjölbreytni í jafnréttisumræðunni sem hingað til hefur verið nokkuð einhliða,“ segir í tilkynningu frá undirbúningshópi að stofnun Jafnréttindafélags Íslands.

„Karlmennt hafa minna vægi í umræðunni en jafnrétti er ekki bara fyrir annan hluta þjóðarinnar,“ segir Ólafur Hannesson einn forsvarsmanna hópsins sem heldur undirbúningsfund klukkan átta í kvöld í húsnæði Háskólans í Reykjavík við Ofanleiti 2. Þar munu meðal annars nokkrir þingmenn mæta til að ræða stöðuna. - ovd



FRED THOMPSON Sagði ekki hvort hann myndi lýsa yfir stuðningi við annan frambjóðanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetaslagurinn í BNA:

Fred Thompson dregur sig í hlé

BANDARÍKIN, AP Fyrirverandi öldungardeildarþingmaðurinn Fred Thompson tilkynnti í gær að hann drægi sig út úr slagnum um forsetatínefningu repúblikana-
flokksins í Bandaríkjunum eftir slæmt gengi í forskosningunum hingað til.

Úrslit forskosninganna í Suður-
Karólínu á laugardaginn riðu baggamuninn þar sem hann lenti í þriðja sæti eftir að hafa sagst þurfa á sigri að halda.

Thompson dregur sig í hlé úr mest spennandi slag innan repúblikanaflokksins í hálfra öld þar sem þrjú frambjóðendur hafa sigrað í þeim sex ríkjum sem kosið hefur verið í. - sgd

LÖGREGLURFRÉTTIR

Bilvelta í Norðurárdal

Flutningabíreið valt um klukkan átta á mánudagskvöldið í Norðurárdal. Má rekja slysið til mikillar hálku á svæðinu en þó nokkra stund tók að ná bílnum aftur á hjólin og upp á veginn. Bílstjórann sakaði ekki.

Meirihluti myndaður um völd en ekki hagsmuni borgarbúa segir Ingibjörg Sólrún: Fékk konungsríkið og prinsessuna

STJÓRNMÁL Nýr borgarstjórnar-
meirihluti er óstarfhæfur, og myndaður í kringum völd, ekki hagsmuni borgarbúa, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

„Ég tel að þarna hafi mikið óheillaspor verið stigið,“ segir Ingibjörg. Hún tekur þó fram að breyting í borgarstjórn hafi ekki áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið.

„Ég tel að þetta hafi ekki verið gert með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi, heldur til að uppfylla einhverja valdadrauma. Þarna sjáum við pólitíkina eins og hún gerist verst, þegar það eru ekki hagsmunir almennings sem hafðir eru að leiðarljósi, heldur hagsmunir einhverra misvitra einstaklinga,“ segir Ingibjörg.

Hún segir það vekja athygli að hér sé ekki um það að ræða að



meirihlutinn hafi sprungið vegna pólitísks ágreinings, eins og gerst hafi þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks féll fyrir þremur mánuðum síðan.

„Þarna var farið inn í meirihlutann og einn einstaklingur sóttur. Honum var boðið konungsríkið ef hann vildi ganga að eiga prinsessuna, Vilhjálm P. Vilhjálmsson.“

Málið var rætt á fundi þingflokks Samfylkingarinnar í gærmorgun. Þar skýrði Dagur B. Eggertsson, fráfariandi borgarstjóri, málið fyrir þingmönnum. - bj

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

„Þarna sjáum við pólitíkina eins og hún gerist verst, þegar það eru ekki hagsmunir almennings sem hafðir eru að leiðarljósi, heldur hagsmunir einhverra misvitra einstaklinga.“

Spennandi miðvikudagur



Úr Fiskborði NÓATÚNS

Saltfiskréttur
að hætti Börsunga

1.198 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF SPENNANDI
FISKRETTUM Í NÓATÚNI

NÓATÚN

BYRJUN

GLATA VINKONU

FARÐU 3
AFTUR

FARA Á BLINT STEFNUMÓT

BYGGJA
LÖSFOÐUR 2

FINNA EITTHVAÐ UPP OG
SKIRA ÞAD EFTIR SJALFRI ÞÉR

FARÐU 3
AFRAN

HRINGJA KIRKJUBJÖLLU

FARÐU 2
AFRAN

SKRIFA SKÁLDSÖGUNA ÞÍNA

EITT OG ANNAD SEM
ÞÚ ÞARFT AÐ GERA
FYRIR FERTUGT

FARÐU 2
AFRAN

STINGA ÞÉR AF STÓRA STOKK-
BRETTINU Í SUNDHÖLLINI

KOMAST Á TRÚNÓ MED
ÖMMU OG SMA SHERRÍ

FARÐU 5
AFRAN

FÁ ÞÉR LIFTRYGGINGU

Et þú hefur fyrir
einhverjum að sjá,
eða ert með fjáskuld-
bindingar, þá þartu
líftryggingu.

Þú færð Lífis líf- og
sjúkdómatryggingar
hjá VÍS.

TAKA ÞÁTT Í SAUÐBURÐI

FARÐU 3
AFRAN

Lífis

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,95	67,27
Sterlingspund	130,57	131,21
Evra	96,99	97,53
Dönsk króna	13,017	13,093
Norsk króna	12,045	12,115
Sænsk króna	10,213	10,273
Japanskt jen	0,6292	0,6328

SDR	105,41	106,03
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

128,39
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Geir H. Haarde fékk að vita um myndun nýs borgarstjórnarmeirihluta á mánudag: Vona að þetta gangi núna

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, kom ekki að myndun nýs meirihluta í borginni en veitti nýja meirihlutunum blessun sína á mánudag. Hann segir breytingar í borginni ekki hafa áhrif á ríkisstjórnarsamstarfið.

„Mér var sagt frá þessu [á mánudag], það er auðvitað ekki þannig að menn þurfi að leita leyfis hjá forystu flokksins, hvorki í Reykjavík eða annars staðar,“ segir Geir.

„Ég sagði við þá [borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins] að ef þeir teldu að þetta myndi ganga upp þá ættu þeir að fara eftir sínu eigin mati í því,“ segir Geir. Hann segist

bera fullt traust til allra fulltrúa flokksins í borgarstjórn.

„Ég treysti því og vona að hér sé að myndast starfhæfur meirihluti sem getur tekið á málefnum borgarinnar með þeim hætti sem nauðsynlegt er,“ segir Geir. „Ég spáði því strax fyrir fjórum mánuðum að fjögurra flokka meirihluti sem þá var myndaður yrði ekki langlífur, og það reyndist raunin.“

„Maður vonar auðvitað að þetta gangi núna, og þessi meirihluti geti stýrt borginni út kjörtímabilid,“ segir Geir. Spurður hvort hann telji að það takist segir hann: „Ég veit svo sem ekki meira um það en aðrir, en auðvitað vona ég það.“



GEIR H. HAARDE

Spurður hvort Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson njóti trausts borgarbúa eftir það sem á undan hefur gengið ítrekar Geir að Vilhjálmur njóti síns trausts: „Hann er búinn að fara í gegnum það sjálfur, sín mistök í málinu sem þá var uppi. Ég hef engu við það að bæta.“ - bj

Forseti Albýðusambandsins: Viðræðurnar eru í farvegi

KJARAMÁL Grétar Þorsteinnsson, forseti Albýðusambands Íslands, ASÍ, segir að viðræðurnar um sameiginlegar kröfur landssambandanna innan ASÍ og Flóabandalagsins séu í eðlilegum farvegi gagnvart Samtökum atvinnulífsins. Viðræðuhóparnir hafi verið að vinna í því, sum mál séu langt komin, önnur skemur og ekki líti vel út með sum.

„Ég geri ráð fyrir að þegar viðræðum um sameiginlegar kröfur á vettvangi Albýðusambandsins lýkur þá séu menn með einhvern pakka sem hafi náðst. Menn klára mál og þau liggja þar til allur pakkinn er afgreiddur,“ segir hann og bendir á að nokkuð þétt fundahöld hafi verið hjá Starfsgreinasambandinu, Flóabandalaginu og Samtökum atvinnulífsins hjá ríkissáttasegjara. - ghs

Nýr búnaður gagnast vel: Taka fleiri fyrir lyfjaakstur

ÍSAFJÖRÐUR Lögreglan á Ísafirði stöðvaði ökuþögn á áttunda tímanum í gærmorgun sem grunaður var um akstur undir áhrifum fíkniefna. Var maðurinn stöðvaður við reglubundið eftirlit í miðbæ Ísafjarðar og færður á lögreglustöð til sýnatöku. Var honum sleppt að því loknu en gert að hætta akstri.

Er þetta eitt margra tilfella þar sem nýr búnaður lögreglunnar kemur að góðum notum en frá því lögreglan á Ísafirði fékk svokallað fljótvirkt fíkniefnagreiningartæki hafa afskipti hennar af ökuþögnum sem grunaðir eru um akstur undir áhrifum lyfja aukist stórlega. - ovd

Trúir því að Margrét styðji meirihlutann

Ólafur F. Magnússon, verðandi borgarstjóri, segist ekki trúá öðru en að Margrét Sverrisdóttir styðji nýjan meirihluta Sjálfstæðisflokksins og Frjálslyndra og óháðra. Valdabrótt og óheildarleiki, segir Margrét Sverrisdóttir. Styður ekki Ólaf.

STJÓRNMÁL Margrét Sverrisdóttir, varamaður Ólafs F. Magnússonar í borgarstjórn Reykjavíkur, ætlar sér ekki að styðja meirihluta Sjálfstæðismanna og F-lista. „Stolt mitt er meira en svo að ég geti tekið svona framkomu í minn garð þegjandi og hljóðalaust,“ sagði Margrét en hún var ekki höfð með í ráðum þegar Ólafur myndaði meirihlutann. „Ég geri mér grein fyrir því að ég verð að líkindum tiltölulega áhrifalaus en tel þetta samt vera rétta ákvörðun. Eg tel framgöngu Ólafs óheildarlega og einkennast af valdabrotti,“ sagði Margrét.

Ólafur segist ekki hafa aðra trú en að Margrét styðji þann málfnasamning sem nýr meirihluti ætli sér að vinna eftir. „Ég trúi ekki öðru en að Margrét sé tilbúin að vinna eftir stefnuskránni sem er að stórum hluta byggð á helstu forgangsmálum okkar í F-listanum. Að því leyti trúi ég því að Margrét styðji þennan meirihluta,“ sagði Ólafur í gær.

Eins og greint var frá í fjölmiðlum í gær ætlar Margrét Sverrisdóttir, sem er í öðru sæti á lista Frjálslyndra og óháðra, ekki að styðja meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokksins og F-lista, sem kynnt var á blaðamannafundi á Kjarvalsstöðum. Ólafur verður borgarstjóri fyrst um sinn en Vilhjálmur á seinni hluta tímabilsins sem eftir er af kjörtímabilinu.

Ólafur sagðist vonast til þess að Margrét færi yfir stefnu F-listans og bæri hana saman við málefna-samninginn sem Ólafur hefur gert við Sjálfstæðismenn. „Samningur-



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON Kveðst trúá því að málefna-samningur nýs meirihluta sé þess eðlis að Margrét Sverrisdóttir sé reidubúin að vinna eftir honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR Styður ekki Ólaf. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

inn sýnir hversu langt Sjálfstæðismenn voru tilbúnir að ganga til þess að fá okkur til samstarfs. Áherslur okkar og Sjálfstæðismanna eru líkar. Af þrettán helstu forgangsmálum okkar fyrir síðustu kosningar er mörg að finna í þeim sautján atriðum sem koma fram í okkar samningi.“

Margrét er ósammála Ólafi og segist líta svo á að hún sé óháður borgarfulltrúi. Hún segist ekki


styðja samstarf við Sjálfstæðisflokkin undir forystu Vilhjálmssonar. Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Framsóknarflokksins, ásamt Margréti og Guðrúnu Ásmundsdóttur, sem var í þriðja sæti á lista F-listans fyrir síðustu kosningar, sendu frá sér yfirlýsingu í gær þar sem fram kemur að þau muni haga málflytningi sínum eins.

magnush@frettabladid.is

Réttindi kvenna í Sádi-Arabíu: Mega vera einar á hótélum

SÁDI-ARABÍA, AP Sádi-arabískar konur mega nú dvelja á hótélum án karlkyns fylgdarmanns samkvæmt ákvörðun viðskiptaráðuneytisins í Sádi-Arabíu.

Dagblaðið Al-Watan segir ráðuneytið hafa sent tilmæli til hótela um að þau leigi konum herbergi jafnvel þótt þær séu einar. Í dagblaðinu eru viðtöl við konur sem segja þetta bann hafa valdið sér miklum vandræðum. Ein kona lýsti því þegar henni var neitað seint um kvöld um hótélherbergi. Önnur lenti í vandræðum þegar eiginnmaðurinn henti henni og dærum þeirra út og þeim var vísað út af hóteli. - sdg



FÆR SÉR TERTUSNEIÐ Nikolic hélt upp á sigurinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nikolic og Tadic keppa: Mjótt verður á mununum

SERBÍA, AP Búið er við hörðum slag fyrir seinni umferð forseta-kosninganna í Serbíu 3. febrúar næstkomandi þegar Boris Tadic forseti, sem hlynntur er aðild að Evrópusambandinu, keppir við Tomislav Nikolic, harðan þjóðernissinna sem vill frekar treysta á Rússland en Evrópusambandið.

Nikolic hlaut 39 prósent í fyrri umferð kosninganna nú á sunnudag, en Tadic hlaut 35 prósent.

Nikolic, sem var á sínum tíma náinn samstarfsmaður Slobodans Milosevic hefur hins vegar - ólíkt Tadic - heitið hörðum aðgerðum gegn ríkjum, sem viðurkenna sjálfstæði Kosovo. - gb

LÖGREGLUFRETTIR

Maður fannst á Kleifarheiði Lögreglan á Patreksfirði fékk í fyrri-nótt tilkynningu um að maður sem hugðist fara yfir Kleifarheiði hefði ekki skilað sér á tilsettu tíma. Þjörgunarsveitin Blakkur á Patreksfirði og Hjálparveitin Lómafelli á Barðaströnd fundu manninn á heiðinni og amaði þá ekkert að honum.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS → flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:
Sími 570 3075
hopadeild@flugfelag.is

VEÐURSPÁ

um hádegis »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SNJÖMUGGA FRAMUNDAN

Nú er hann lagstur í suðvestanáttir með eljum einkum sunnan og vestan til. Þessi staða verður uppi næstu daga. Það verður vindasamara vestan til en austan en þó er ekki að sjá nein læti. Þó gæti skafið á heiðum.

Norðausturlandið sleppur að mestu við ofankomu en þó gætu fallið stöku el þar á föstudag. Hann er heldur að kólna og því mun sá snjór sem ekki tók upp í gær, haldast um sinn. **REYKJAVÍK**

DAG

Suðvestan átt, fremur stíf. Snjó- eða slýdduél.

» á morgun

10-15 m/s sunnan til og vestan annars hægar.

» föstudagur

8-15 m/s, stífastur vestan til

Kaupmannahöfn 5°C skúrir	London 14°C skúrir	Friedrichshafen 3°C rigning
Billund 6°C rigning	Paris 9°C skúrir	Luxemborg 4°C léttskýjað
Oslo 2°C slýdduél	Amsterdam 10°C skúrir	Alicante 18°C hálfskýjað
Stokkhólmur 0°C hálfskýjað	Frankfurt 6°C hálfskýjað	Rím 9°C skúrir
Gautaborg 5°C skúrir	Berlin 4°C hálfskýjað	Las Palmas 21°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

10%
endurgreiðsla



10% endurgreiðsla fyrir e-korthafa í dag!

10 prósentu endurgreiðsla af öllu eldsneyti fyrir e-korthafa hjá Shell í dag.
Kaffidrykkur á Select í kaupbæti með vöru- eða eldsneytiskaupum í janúar.



F1100751A F1024701

KAUPPING Netbankinn spron

e KORT
ekortin.is

e VILDARKORT
ekortin.is

KJÖRKASSINN



Styður þú nýmyndaðan meirihluta í borgarstjórn?

Já	29,8%
Nei	70,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að nýr meirihluti í Reykjavík sitji út kjörtímabilið?

Segðu skoðun þína á

Samkeppni og vont veður: Slæmir tímar í Húsdýragarði

SVEITARSTJÓRNIR Aðsókn hefur dregist verulega saman og reksturinn farið á verri veg á síðustu tveimur árum hjá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal:

„Fjárfestingar í leiktækjum sem ekki hafa skilað tilætluðum árangri, minnkandi, aðsókn, veðurfar og aukin samkeppni eru ástæður sem stjórnendur hafa tiltekið sérstaklega vegna lakrar rekstrarstöðu,“ segir í greinargerð innri endurskoðanda um málefni Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Tæplega 209 þúsund gestir sóttu Húsdýragarðinn árið 2002 en árið 2006 voru gestirnir 158 þúsund. Áætlað er að gestirnir í fyrra hafi verið 184 þúsund. - gar

Weetaboost
FITUSNAUTT
LÍTILL SYKUR
TREFJARIKT
HEILKORNA

Weetabix
Holl Weetabixvika
morgunmat.is

Sjáðu uppskriftir á morgunmat.is

Allt á sinn stað ...

... í forstofunni

3.490,-/3 í pk.

TRONES skóskápar
B51xD18, H39 cm



Opið 10-20 virka daga Laugard. 10-18 Sunnud. 12-18

Vinnueftirlitið kynnir erlendum starfsmönnum réttindi sín:

Aðeins meiriháttar slys tilkynnt

ATVINNUMÁL „Það bendir allt til þess að það þurfi heldur meira til svo að slys á Pólverjum og öðrum útlandinum séu tilkynnt,“ segir Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu.

Samkvæmt tölum frá Vinnueftirlitinu frá árinu 2005 var tilkynnt um fjórtán slys þar sem Pólverji hafði beinbrotnað eða hlotið meiðsl á höfði eða hálsi en í heildina var tilkynnt um þrjátíu slys á Pólverjum. Það þýðir að um helmingur slysanna flokkast sem alvarleg. Rúmlega þriðjungur slysna þar sem Íslendingur átti í hlut falla í þann flokk.

„Þetta getur hugsanlega stafað



ERLENDUR STARFSMAÐUR Meira virðist þurfa til að slys á erlendum starfsmönnum séu tilkynnt en íslenskum.

af þeim erfiðleikum hjá erlendum starfsmönnum að vekja athygli á sínu slysi,“ segir Kristinn. „Við vitum því miður dæmi þess að

erlendu starfsmaður hafi slasast í vinnunni en ákveðið að þrjúka. Í því tilfelli var það svo samviskusamar vinnuveitandi sem fékk upplýsingar um það annars staðar frá og tilkynnti um slysið.

Að vissu leyti skil ég þetta. Þetta eru menn sem eru komnir til að vinna og ef þeir forfallast getur það rústað þeirra áætlunum. En við verðum að gera þeim ljóst að hér gilda almenn mannúðarsjónarsjónarmið og fá þá til að treysta því.“

Vinnueftirlitið hefur hannað bæklinga á fjölmörgum tungumálum þar sem erlendum starfsmönnum eru kynnt réttindi sín. -jse

Veðurhamur á Suðurnesjum:

Bátur sökk í Keflavíkurhöfn

SUÐURNES Nokkurt annriki var hjá lögreglu og björgunarsveitarhöfðingjum á Suðurnesjum í gær og fyrrinótt. Í höfninni í Njarðvík slitnaði 180 tonna bátur, Tjaldanes GK-525, frá bryggju og rak upp í fjöru. Náðist hann aftur á flot og að bryggju. Þá fór báturinn Sunna Líf KE á hliðina í Keflavíkurhöfn og sökk skömmu síðar. Var ákveðið að bíða hagstæðra sjávarfalla til að ná bátinum upp.

Nokkur útköll voru þar sem þakplötur, girðingar og sólhýsi foku. Þegar líða tók á daginn fækkaði útköllum í takt við batnandi veður. - ovd

LÖGREGLUFRETTIR

Fíkniefni í Reykjanesbæ

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði tvo ökumenn, grunaða um akstur undir áhrifum fíkniefna. Var annar mannanna stöðvaður á mánudagskvöldið en hinn í gær. Voru mennirnir færðir á lögreglustöð til yfirheyrslu.

Pak við að fjúka í Eyjum

Pak tók að losna á húsnæði Neta-gerðar Ingólfs í Vestmannaeyjum í gærmorgun. Losnaði þakið vegna veðurhamsins í Eyjum en þar sem þakið er nokkuð stórt þurfti allt til-tækt lið til að festa það niður að nýju.

Árekstrar á Egilsstöðum

Nokkuð var um að árekstra bíla á Egilsstöðum í gær. Samkvæmt upplýsingum lögreglu var enginn þeirra alvarlegur og urðu engin slys á fólkum en bílarnir skemmdust margir hverjir þó nokkuð. Mátti rekja ástæður árekstranna til mjög mikillar hálkú.

Þrír borgarfulltrúar drógu upp málaskrá

Ólafur F. Magnússon, oddviti F-lista, og þeir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon, gengu frá málefnsamningi nýs meirihluta. Borgarfulltrúar segja Vilhjálmu hafa haft fullt umboð til að ræða við Ólaf um samstarf.

BORGARMÁL Ólafur F. Magnússon, oddviti F-lista, og tveir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, þeir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson og Kjartan Magnússon, gengu frá málefnsamningi nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur.

Ólafur F. Magnússon staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það komu engir fleiri að þessari vinnu enda kom málefnsamningurinn mjög seint fram. Þetta fæddist fljótt þegar fram komu væntingar um það að hin góða stefnuskrá sem F-listinn lagði fram fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar gæti verið mjög áberandi þáttur í stefnuskrá nýja meirihlutans.“ Ólafur telur enga óánægju vera á meðal borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins þrátt fyrir að þeir hafi ekki átt beinan þátt í gerð samningsins „enda er blásið til samstarfsins á jafnréttisgrundvelli. Það var kannski ekki ástæða til að mun fleiri aðilar færu ofan í saumana á þessu frá öðrum samstarfsflokksnum heldur en hinum.“ Ólafur segir þrettán af sautján stefnumálum málefnsamningsins að finna í stefnuskrá F-listans og er afar sáttur við niðurstöðuna.

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, segir að vinnan við málefnsamninginn hafi verið á ábyrgð hans og Ólafs F. og staðfestir að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi ekki allur komið að þeirri vinnu. Vilhjálmur gaf ekki upp hverjir borgarfulltrúa komu að því að semja málefnsamninginn en segir engan ágreining hafa verið um hann.



MÁLEFNASAMNINGUR KYNNTUR Vilhjálmur P. Vilhjálmsson og Ólafur F. Magnússon báru hitann og þungann af því að setja saman málefnskrá nýs meirihluta. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi kom einn að þeirri vinnu af öðrum borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eins og fram hefur komið hitt-ust Kjartan Magnússon og Ólafur F. Magnússon á heimili þess fyrrnefnda á mánudagsmorgun. Frumkvæðið var Kjartans. Fundurinn þróaðist úr þreifingum í meirihlutamyndunarviðræður þegar á daginn leið og í kjölfarið var málefnsamningur dreginn upp. Plaggið var kynnt borgarfulltrúum og varaborgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins á fundi klukkan hálf fimm í gær, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Engar athugasemdir voru gerðar við innihald þess af

borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði Vilhjálmur fullt umboð borgarfulltrúanna til samningaviðræðna við Ólaf enda hafi það verið rætt innan hópsins í nokkurn tíma hvaða áherslur yrðu settar fram kæmi sú staða upp að Ólafur vildi koma til samstarfs og fella stíjandi meirihluta. Þar á meðal um lendingu í mállefnum Reykjavíkurflugvallar, sem helst hefur verið deilt um milli F-listans og Sjálfstæðisflokksins. svavar@frettabladid.is

Sveitarstjórnarlög er varða varamenn fulltrúa hjá sameiginlegum framboðum:

Óljós lög gagnvart óháðum

STJÓRNSÝSLA Í þriðju málsgrein 24. greinar sveitarstjórnarlaga, um varamenn í sveitarstjórn, kemur fram að varamenn oddvita á sameiginlegum lista stjórnmálaflokka og samtaka þurfi ekki endilega að vera þeir sem komi næst á eftir oddvitanum á lista. Skipti þá höfuðmáli hvaða flokki fulltrúar tilheyri.

Lögspekingar sem Fréttablaðið ræddi við í gær voru sammála um að ólíklegt væri að ákvæðið ætti við í tilfelli framboðs Frjálslyndra og óháðra en það krefðist þó ítarlegri skoðunar. Er þá sérstaklega átt við það hvort möguleiki sé að Margrét Sverrisdóttir þurfi ekki endilega að vera varamaður Ólafs F. Magnússonar í F-lista Frjálslyndra og óháðra heldur hugsan-

lega einhver annar, þar sem um sameiginlegt framboð Frjálslyndra og óháðra er að ræða. Ákvæðið var sett inn í lögina á sínum tíma vegna sameiginlegra framboða margra flokka undir sama hatti, til dæmis R-listans.

Kristbjörg Stephensen borgar-lögmaður og Ólafur Hjörleifsson, skrifstofustjóri borgarstjórnar, hölluðust að því að næsti maður á lista, það er Margrét, kæmi inn sem varamaður fyrir Ólaf. Sögðu þau málið krefjast skoðunar.

Í sama streng tóku Róbert Ragnar Spanó lagaprófessor og Trausti Hannar Valsson, kennari við lagadeild Háskóla Íslands og doktorsnemi. „Þetta er athyglisvert álítmál,“ sagði Trausti Hannar. -mh

ÁKVÆÐIÐ

Nú næst ekki samkomulag milli stjórnmálaflokka eða samtaka sem standa að sameiginlegum lista, og skulu þá þeir varamenn listans, sem eru úr sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalmaður sá sem um er að ræða, taka sæti hans í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna slíks lista í sama stjórnmálaflokki eða samtökum og aðalfulltrúinn sem í hlut á var þegar kosning fór fram taka varamenn listans sæti samkvæmt venjulegum reglum.

VERTU Á EIGIN VEGUM



Verð frá
3.650.000 kr.
SJÁLFSKIPTUR

2WD 4WD LÆSING
Aftengjanlegt fjórhjóladrif



Upplifðu nýjan sjálfskiptan Outlander

Komdu og prófaðu nýjan og glæsilegan Mitsubishi Outlander. Hann færst bæði sjálfskiptur og beinskiptur og státar af fullkomnum drifbúnaði og stöðugleikastýringu. Það tryggir að aksturinn er alltaf öruggur og skemmtilegur - rétt eins og verðið!



VEISTU SVARIÐ?



1. Hver verður næsti formaður borgarráðs?
2. Hvar er skólastofum fækkað þótt nemendum fjölgi?
1. Hvaða sjónvarpskokkur bakaði fyrir Ólaf Jóhannesson kvikmyndagerðarmann.

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Matvælaaðstoð hætt á fimmtudag vegna skorts segja hjálparstofnanir:

Skortur í stærstu borg Palestínu

GAZASTRÖNDIN, AP Mikill vöruskortur er nú í Gazaborg, stærstu borg Palestínu, eftir að ísraelsk stjórnvöld ákváðu að loka landamærunum að Gazaströndinni og stöðva þangað flutning á eldsneyti á fimmtudaginn vegna tíðra eldflaugaárása þaðan á Ísrael.

Stöðva þurfti starfsemi í eina raforkuverinu á svæðinu vegna eldsneytisskortsins á sunnudagskvöld sem olli rafmagnsleysi hjá þriðjungi íbúa Gaza. Ísraelsstjórn leyfði í tímabundið flutninga á eldsneyti og lyfjum í gærmorgun. Þessar auka eldsneytisbirgðir gera raforkuverinu kleift að framleiða raforku til tveggja daga.

Hjálparstofnanir hafa gefið út aðvaranir um að þær þurfi að hætta úthlutun matvælaaðstoðar vegna skorts á plastpokum til þökkunar matvæla og á eldsneyti til að knýja flutningabíla. Ein og hálf milljón manna býr á Gaza og reida flestir þeirra sig á matvælaaðstoð.

Hamas-samtökin, sem fara með stjórn á Gaza, hafa skipulagt mót-mæli daglega til að krefjast þess að Ísraelsstjórn láti af þessum refsiaðgerðum. Hundruð Palestínumanna náðu í skamma stund að brjótast gegnum landamærin að Egyptalandi í gær. Tíu egypskir lögreglumenn og 60 Palestínumenn særðust í atganginum.



BIARGA SÉR Palestínsk fjölskylda notar grillið til að elda á í rafmagnsleysinu.

NORDICPHOTOS/APF

Apótek í Holtagörðum:

Vélmenni raðar lyfjum og sækir

NEYTENDUR Vélmenni afgreiðir í apótekinu sem hefur verið opnað í nýju verslunarmiðstöðinni í Holtagörðum í Reykjavík.

Vélmenni sér um að skipuleggja og raða lyfjum inn á lager og sækir lyf fyrir lyfjafræðing og skilar til afgreiðslumanns á örskammri stundu.

Í tilkynningu frá Apótekarinum segir að þessi nýja tækni muni auka öryggi í afgreiðslu lyfja og spara mikla vinnu í apótekinu við skipulagningu lagervar, minnka þörf á lagerplássi og flýta afgreiðslu lyfja. Hér er um að ræða fyrsta vélmennaapótekið sem opnar á Íslandi.

- ghs

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld Landsbankans

Landsbankinn kynnr „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almennig. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og skattamálum. Fjármálakvöldin hefjast kl. 20 og eru öllum opin án endurgjalds.

Efni fjármálakvölda:

Fjárfestingartækifærin

Framtíð krónunnar, vaxtamál og útlitið á fjármálamörkuðum.

Fjármál heimilisins

Rætt er um heimiliskalk, sparnaðarleiðir, vaxtakjör og hvaða lánamöguleikar henta hverju sinni.

Skattamál

Farið er yfir helstu atriði sem hafa áhrif á skattgreiðslur einstaklinga og hagnýt ráð gefin við framtalsgerð.

Dagskrá fjármálakvölda

24. jan.	Höfðabakki	Fjármál heimilisins
7. feb.	Akranes	Fjárfestingartækifærin
21. feb.	Laugavegur 77	Skattamál
6. mar.	Mjódd	Skattamál
27. mar.	Vesturbær	Fjárfestingartækifærin
3. apr.	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
10. apr.	Fjarðargata, Hafnarfj.	Fjárfestingartækifærin

Skráning á fjármálakvöldin fer fram á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000. Í boði eru kaffi og veitingar.

Nánari upplýsingar á www.landsbanki.is.



Áttu vísast að telja fötin fram til skatts

Svo virðist sem frambjóðendur Framsóknarflokksins sem fengu gefins fót hefðu átt á að telja andvirðið fram skatts. Ríkisskattstjóri segir það líklegt en ekki öruggt. Formaður Framsóknarflokksins segir umræðuna ómerkilega.

STJÓRN MÁL Líklegast er að frambjóðendur Framsóknarflokksins í borgarstjórnarkosningunum 2006 hefðu átt að telja fram til skatts fatnað sem þeir keyptu en greiddur var úr sjóðum flokksins.

„Telja ber til tekna hvers konar gæði sem mönnum hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir þá ekki máli hvaðan þau stafa eða í hvaða formi þau eru. Á það til dæmis við um fatnað, fæði, húsnæði, hvers konar fríðindi, greiðslur í vörum eða afurðum svo og framlög og gjafir sé verðmætið hærra en almennt gerist um tækifærisgjafir,“ segir vef ríkisskattstjóra.

Eins og komið hefur fram greindi Fréttastofa Sjónvarps frá því í fyrrakvöld að greidd hefði verið úr sjóðum Framsóknarflokksins tæp ein milljón króna vegna fataúttekta sem tveir frambjóðendur og kosningastjóri framboðsins í Reykjavík kvittuðu fyrir í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna. Þetta voru þeir Björn Ingi Hrafnsson, Óskar Bergsson og Rúnar Hreinsson. Björn Ingi hefur þegar skýrt frá því að hann hafi ekki talið fram til skatts fötin sem komu í hans hlut.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri segir ýmis álitamál þurfi að skoða í hverju tilvikinu fyrir sig. Til dæmis hver sé í raun eigandi fatnaðarins. Það sé ekki öruggt að viðkomandi hafi borið að telja flíkurnar fram til skatts. „En það má kannski segja að það sé líklegt,“ segir Skúli Eggert.

Engin svör fengust í gær frá skrifstofu Framsóknarflokksins þegar reynt var að afla nánari upplýsinga um fatakaupamálið. Formaður flokksins, Guðni Ágústsson, segir málið allt á forræði flokksmanna í Reykjavík og að hann viti ekki hvernig það sé vaxið. Umræðan um fatakaupin sé ómerkileg enda hafi tíðkast að frambjóðendur fengju ýmislegt borgað, til dæmis heimilissíma og bílakostnað auk fatnaðar. „Þannig er þetta búið að vera lengi í öllum flokkum,“ segir Guðni.

Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segir þessu alls ekki þannig varið þar á bæ. „Sjálfstæðisflokkurinn hefur aldrei lagt út fyrir



BJÖRN INGI HRAFNSSON Segist ekki hafa borgað skatta af fataúttektum sem greiddar voru fyrir hann úr sjóðum Framsóknarflokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fatnaði eða öðrum persónulegum hlutum fyrir frambjóðendur,“ segir Andri.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir að þar hafi mönnum aldrei dottið í hug að láta flokkinn borga fót utan á frambjóðendurnar. „Alla vega hef ég aldrei látið borga fyrir mig fót svo mikið er víst. Kannski líta framsóknarmenn á fötin sem leikbúninga,“ segir Steingrímur.

Hjá Samfylkingunni var vísað á Skúla Helgason, framkvæmdastjóra flokksins, en hann svaraði ekki skilaboðum í gær.

gar@frettabladid.is

Stjórnarliðar hafa í hótunum við grænlenka þingmenn:

Danska stjórnin riðar til falls

DANMÖRK Fulltrúar bæði Venstre og Danska þjóðarflokksins hafa hótad fulltrúum Grænlands á danska þinginu, þeim Lars-Emil Johanson og Juliane Henningsen, því að það geti haft afleiðingar fyrir hagsmuni Grænlands á þinginu ef Grænland-ingarnir tveir greiða atkvæði með frumvarpi um málefni flóttamanna, sem borið verður undir atkvæði í dag.

Báðir grænlenku þingmennirnir hafa sagst fylgjandi frumvarpinu, sem Pia Christmas-Møller hefur lagt fram þvert á vilja stjórnar Anders Fogh Rasmussen. Stjórnin, sem er mynduð af Íhaldsflokknum og hægri flokknum Venstre með stuðningi Danska þjóðarflokksins, hefur það nauman meirihluta að ef grænlenku þingmennirnir greiða atkvæði með stjórnarandstöðunni í málinu þá verður stjórnin komin í minnihluta.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra og leiðtogi Venstre, segir að grænlenku þingmennirnir hafi



ANDERS FOGH RASMUSSEN Forsætisráðherra Danmerkur segir grænlenku þingmennina geta greitt atkvæði eins og þeim sýnist, en það muni samt hafa afleiðingar ef stjórnin lendi í minnihluta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vissulega fullan rétt til þess að greiða atkvæði eins og þeim sýnist á þinginu. Hins vegar sagði hann að stjórnin gæti ekki til lengdar sætt sig við að ólíkir meirihlutar mynduðust á þingi um ólík mál án aðildar stjórnarinnar. Hann vildi þó ekkert segja um það hvort kjósa þyrfti nýtt þing ef stjórnin lenti í minnihluta í þessu máli, en nokkrir þingmenn stjórnarinnar hafa sagt að fari svo

verði ekki hjá því komist að efna til kosninga, aðeins rétt rúmlega tveimur mánuðum eftir að síðast var kosið til þings í Danmörku.

Frumvarpið snýst meðal annars um að flóttamenn, sem fengið hafa hæli í Danmörku, geti búið utan flóttamannamiðstöðva eftir að hafa dvalið þar í tvö ár. Til þessa hafa þeir þurft að dveljast í miðstöðvunum í þrjú ár áður en þeir fá að flytja út fyrir þær.

Flutningsmaður frumvarpsins, Pia Christmas-Møller, hefur síðan í desember verið utan flokka á þingi, en hefur engu að síður haldið félagsskírteini sínu í Íhaldsflokknum. Í gær hótaði leiðtogi flokksins, Bendt Bendtsen, því að reka Christmas-Møller úr flokknum, en Svend Bergstein, sem er formaður Kaupmannahafnardeildar Íhaldsflokksins, tjáði sig skömmu síðar um málið og fullvissaði alla um að hún yrði ekki rekin úr flokksdeildinni, og þar með ekki úr flokknum.

gudsteinn@frettabladid.is

Gjaldskrárbreytingar á Ísafirði: Frítt fyrir alla í strætó og sund

ÍSAFJARÐARBÆR Frítt er í strætó hjá Ísafjarðarbæ og tók breytingin gildi um áramót. Þá hefur aflagjald lækkað úr 1,4 prósent í 1,3 prósent og kranagjald hefur lækkað um 15 prósent.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir að þetta sé gert „til að koma til móts við útgerðina sem verður fyrir þorskaflaskerðingu.“

Fasteignagjöld lækka úr 0,45 prósentum í 0,41 prósent út af lægra fasteignamati, að sögn Halldórs, auk þess sem áfram verði frítt í sund fyrir börn undir 16 ára aldri og frítt verði á skíðasvæðið fyrir þá sem eru fæddir 2000 og yngri.

- ghs



PYRLUR Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar er öll staðsett á Reykjavíkurlflugvelli.

Björgunarþyrlu til Akureyrar:

Tryggja verður öryggi sjómanna

ALÞINGI Sjófarendur um norðan- og austanvert landið búa við minna öryggi en aðrir vegna fjarlægðar við þyrlubjörgunarsveit Landhelgisgæslunnar. Því leggja þingmenn úr norðausturkjördæmi úr öllum flokkum nema Frjálslynda flokknum til að ein björgunarþyrla verði höfð á Akureyri.

„Það er réttlætismál í mínum huga að þeir sem stunda sjómennsku við norðan- og austanvert landið njóti sama öryggis og þeir sem sækja sjóinn við sunnan- og vestanvert landið,“ sagði Birkir J. Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, þegar hann mælti fyrir frumvarpi um málið á Alþingi í gær.

- bj

Þýskur ráðherra um Íransdeilu:

Alþjóðasamfélagið hvíki ekki

ÍRAN, AP Utanríkisráðherra Þýskalands segir að alþjóðasamfélagið sé enn staðráði í að



**FRANK-WALTER
STEINMEIER**

hindra Írana í að koma sér upp tækni sem gerir þeim kleift að smíða kjarnorkuvopn. Nýlega fram komið mat bandarískra leyniþjónustofnana um að Íranar hafi í bili hætt að vinna að kjarnorkuvæðingarætlan

breyti engu um þennan vilja alþjóðasamfélagsins.

Ráðherrann, Frank-Walter Steinmeier, lét þessi ummæli falla fyrir fund með Mohamed ElBaradei, yfirmanni Kjarnorkumálstofnunar SP, en hann er nýkominn úr heimsókn til Írans þar sem hann ræddi kjarnorkudeiluna við þarlenda ráðamenn.

- aa

FRAKKLAND

Lúxusskattur á ferðamenn

Frönsk stjórnvöld hyggjast leggja lúxusskatt á þá ferðamenn sem gista á lúxushótelum í Frakklandi. Tekjur af skattinum verða notaðar til viðgerða og viðhalds á sögulegum minjum og minnismerkjum sem mörg hver eru í bágbornu ástandi.

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á háa og örugga ávöxtun.

HELSTU KOSTIR VAXTAÞREPS:



LÁTTU
PENINGANA
ÞÍNA VINNA

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma 440 4000

GLITNIR



GIRAFFAFEDGAR Í KÖLN Maru heitir stolti pabbinn, sem horfir þarna niður á kornungan son sinn Kibo í dýragarðinum í Köln í Þýskalandi. Sá litli er á stærð við meðalmann eða rúmlega það, 1,80 á hæð og 80 kíló á þyngd.

NORDICPHOTOS/AFP

Tvöföldun Reykjanesbrautar: Niðurstaða í málinu í dag

ALÞINGI Niðurstaða um framtíð tvöföldunar Reykjanesbrautar á að verða ljós í dag, segir Róbert Marshall, aðstoðarmaður samgönguráðherra.



KRISTJÁN L. MÖLLER

Verkið stöðvaðist nýverið þegar verktafinn, Fyrirtækið Jarðvélar sagði sig frá því vegna fjárhagsörðugleika. Á fundinum í dag eiga að fást svör við því hvort Jarðvélar geti samið við undirverktaka um að ljúka verkinu.

Björk Guðjónsdóttir Sjálfstæðisflokki spurði samgönguráðherra út í stöðu mála á Alþingi síðastliðinn fimmtudag og lýsti áhyggjum af slæmum merkingum. Hvatti hann öku-menn til að fara varlega. - bj, bps

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tugir LSD - skammta og þýfi

Götuþúpur fíkniefnaeildarinnar fann 26 skammta af LSD auk þýfis við húsléit í húsi í Hafnarfirði um helgina. Lögreglumenn nutu aðstoðar fíkniefna-leitarhunds. Karlmaður var handtekinn vegna málsins og telst það upplýst.

Pervez Musharraf í Evrópureisu og kvartar undan skilningsleysi:

Vill fá svigrúm fyrir lýðræðið

BELGÍA, AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, biður ráðamenn á Vesturlöndum að gefa sér meiri tíma til þess að tryggja íbúum full mannréttindi og frelsi. Hann segir Vesturlönd hafa „lýðræðið á heilanum“.

„Þótt við trúum á lýðræði og mannréttindi og borgarlegt frelsi þá gefið okkur vinsamlegast tíma til að ná þangað sem þið hafið náð,“ sagði Musharraf á fundi með blaðamönnum í Brussel á mánudag. „Það hefur tekið ykkur heilu aldirnar að ná þessu fram.“

Hann sagðist einnig lofa því að þingkosningarnar í Pakistan, sem haldnar verða 18. febrúar næst-

komandi, verði „sanngjarnar, gegnsæjar og friðsamlegar“.

Musharraf er á átta daga ferðalagi um ríki Evrópu. Á mánudag hitti hann í Brussel ráðamenn bæði Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins og í gær var hann kominn til Parísar að hitta þarlenda ráðamenn.

Hann vildi fullvissa ráðamenn á Vesturlöndum um að Pakistan yrði áfram traustur og áreiðanlegur bandamaður í svonefndu stríði gegn hryðjuverkum, en það menn jafnframt að sýna því skilning að lýðræði eigi erfitt uppráttar í því ættflokksamfélagi sem Pakistan er.



Í HÖFUÐSTÖÐVUM EVRÓPUSAMBANDS-INS Javier Solana, utanríksmálafulltrúi Evrópusambandsins, tók á móti Musharraf í Brussel.

NORDICPHOTOS/AFP

Nokkur útköll vegna veðurs: Lítil rúta fauk á hliðina og á bíl

LÖGREGLUMÁL Nokkur útköll voru hjá lögreglu og slökkviliði í gær vegna veðurs. Á Kjalarnesi voru tvö útköll um klukkan sjö í gærmorgun. Þurfti að aðstoða öikumann vöruflytningabíl sem hætta var talin á að fyki á hliðina. Þá lagðist lítil rúta á hliðina og á smábíl í veðurhamnum.

Eitthvað var um að þakplötur fýkju af stað og eitt grindverk fór á ferð í veðrinu. Engin slys urðu á fólki í þessum útköllum. Lítið var um útköll vegna vatns og sagði varðstjóri að fólki hefði tekið viðvaranir um veður alvarlega og gætt að niðurföllum við hús sín.

- ovd

Krefst tuga milljóna vegna vanefnda hugbúnaðarhúss

Eigandi innheimtufyrirtækis stefnir stóru hugbúnaðarhúsi vegna vanefnda. Segir tjón sitt hlaupa á hundruðum milljóna. Nýtt innheimtakerfi átti að vera nokkra mánuði í smíðum en var ekki tilbúið eftir tvö ár.

DÓMSMÁL „Það var alltaf eitthvað að gerast en ekkert gerðist.“ Svona lýsir Sigurlaug Ragnarsdóttir, eigandi Innheimtulausna, samskiptum sínum við Vigor, dótturfyrirtæki TM Software. Hún segir ekki hafa verið staðið við samninga, og krefst 83 milljóna króna í málaferlum sem nú eru hafin.

Vigor gerði tilboð í smíði innheimtakerfis fyrir Innheimtulausnir haustið 2005. Kerfið átti að vera um fimm mánuði í smíðum, en þegar Innheimtulausnir gáfust upp og riftu samningnum í júlí 2007 var kerfið langt frá því tilbúið, segir Sigurlaug.

Fyrirtækið Innheimtulausnir var stofnað snemma árs 2005, og segir Sigurlaug að nýstárlegt innheimtakerfi hafi verið grundvöllurinn fyrir stofnun fyrirtækisins. Með því að nota aukna sjálfvirkni hefði mátt lækka innheimtukostruð verulega.

Sigurlaug er harðorð í garð Vigor og TM, segir ekkert hafa staðist sem lofað var, og að samskipti við þá sem sjá áttu um verkið hafa gengið afar illa. Í stefnu

segir að um sé að ræða „gróf brot gegn góðum viðskiptaháttum“ og „vitavert gáleysi“ Vigor-manna.

Sigurlaug hafði afhendingartíma innheimtakerfisins í huga er hún hóf að ráða til sín starfsfólk, leigði húsnæði og útvegaði tölvur og annan skrifstofubúnað. Kostnaði vegna þessa var velt áfram í rúmt ár án þess að fyrirtækið gæti aflað tekna þar sem innheimtakerfið var ekki tilbúið.

Eftir að samningi við Vigor var rift í júlí 2007 samdi Sigurlaug við annað hugbúnaðarhús, Maritech. Maritech fékk sömu gögn og Vigor til að vinna úr og innheimtakerfið var smíðað á fjórum mánuðum.

Sigurlaug segir að vegna vanefnda séu Innheimtulausnir nú í verulegum greiðsluferðileikum, og jafnvel líti út fyrir að hún missi fyrirtækið og verði gjaldþrota.

„Þeir leiddu mig áfram í villu þar til ég fékk hlutlausan aðila til þess að fara ofan í stöðu mála hjá þeim,“ segir Sigurlaug.

Hún hefur nú höfðað mál á hendur Vigor, og krefst riflega 83 milljóna króna. Hluti eru kröfur um endurgreiðslu, en obbinn er krafa



VILL ENDURGREIÐSLU OG BÆTUR „Þeir leiddu mig áfram í villu þar til ég fékk hlutlausan aðila til að kafa ofan í stöðu mála hjá þeim,“ segir Sigurlaug Ragnarsdóttir, eigandi Innheimtulausna.

um skaðabætur vegna vanefnda. Þótt krafist sé hárra upphæða segir Sigurlaug að tap hennar sé enn meiri, en erfitt sé að meta hvað töpuð viðskipti hafi kostað.

Tjónið hlaupi trúlega á hundruðum milljóna króna.

Málið var þingfest í byrjun janúar, en héraðsdómur hefur úrskurðað að leggja þurfi fram 800 þúsund króna málskostnaðartryggingu áður en málaferlinn hefjist. Takist það ekki fellur málið niður. brjann@frettabladid.is

TASKI

Bjarnþór Þorláksson, bilstjóri hjá RV



TASKI Swingo 1250 B

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum og ráðgjöfum RV

Gólfþvottavélar á rekstrarleigu

Engin útborgun, engin fjárbinding, aðeins mánaðarlegar greiðslur.

TASKI swingo XP

TASKI swingo 3500 B

TASKI swingo 1250 B

TASKI swingo 750 B

TASKI swingo gólfþvottavélar Einfaldar í notkun - liprar og leika í höndunum á þér



MIREYA SAMPER Við komum hingað á undan Borg segir íbúi á Bakkabraut.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Listakona í Kópavogi segir eiganda verksmiðju fara með rangt mál:

Íbúarnir fluttu á undan Borg

SKIPULAGSMÁL „Það voru aldrei nein vandræði fyrr en Borg kom hingað fyrir um fjórum árum og þeir byrjuðu að ausa yfir okkur sementi og steypu,“ segir Mireya Samper listakona og íbúi á Bakkabraut á Kársnesi í Kópavogi.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru nágrennar ósáttir við steypustöðvarrekstur Einingaverksmiðjunnar Borgar. Bæjaryfirvöld telja Borg ekki hafa leyfi fyrir rekstri stöðvarinnar. Einn eigenda Borgar, Þórhallur Barði Kárason, sagði við Fréttablaðið að svæðið væri skilgreint fyrir iðnað og að þegar fyrirtækið hefði komið á

staðinn hefðu engir íbúar verið þar nærri. Mireya segir það alls ekki vera rétt. Íbúarnir hafi verið fluttir langt á undan Borg.

„Ég flutti hingað í febrúar árið 2000 og hef haft hér lögheimili,“ segir Mireya sem lýsir nábylinu við Borg sem ömurlegu. „Þegar þeir þrifa bílana þá sturta þeir steypunni hvar sem er og hún flæðir út um allt á svæði sem þeir eiga ekki.“

Borg hefur boðist til að færa starfseminna til á lóðinni til að minnka ónæði fyrir nágrennana. Umsókn fyrirtækisins um leyfi fyrir steypustöð er til meðferðar hjá bæjaryfirvöldum.

- gar

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



MUNIQUE LOGO

Lá fastur undir bíl í 96 tíma:

Át úldin dýra-hræ til að lifa

KANADA, AP Kanadískur maður í sjálfheldu hélt sér á lifi í fjóra sólarhringa með því að borða rotnandi dýr sem hann hafði veitt.

Ken Hildebrand var að safna saman dýragildrum sínum þegar hann velti bílnum fjarri byggð. Hann lá fastur undir bílnum í 96 tíma áður en göngumaður fann hann.

Hildebrand notaði hræ af bjór til að halda á sér hita og át mold til að fá einhvern vökva. Hann notaði flautu til að fæla burtu hungraða sléttuúlfa. Þegar Hildebrand fannst þjáðist hann af ofkælingu, vökvatapi, kali og fótmeiðslum. Hann fjafnar sig nú á sjúkrahúsi. - sdg

Íbúar við Suðurtún á Álftanesi eru duglegir að mótmæla nýju deiliskipulagi:

Mótmæla færslu vegar og bensínstöð

SKIPULAGSMÁL Íbúar á Álftanesi safna nú undirskriftum til að mótmæla fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu á Álftanesi en frestur til að skila inn athugasemdum rennur út í dag. Tveir undirskriftalistar eru í gangi og segja aðstandendur þeim alls staðar vel tekið.

Gerður Björk Sveinsdóttir, íbúi við Suðurtún, segir að hún og nokkrar nágrannakonur hennar hafi gengið hús úr húsi á kvöldin til að safna undirskriftunum og þær verði afhentar bæjaryfirvöldum í dag. Gerður Björk segir yfir hundrað undirskriftir hafa safnast. „Við fáum mjög góð viðbrögð. Fólk vill fá lausn þar sem allri umferð er ekki beint upp að leiksvæði skólans og íbúðagötunum,“ segir hún.

Magnús Stephensen byggingatæknifræðingur stendur fyrir undirskriftasöfnun meðal



FÁUM GÓÐ VIÐBRÖGD „Við fáum mjög góð viðbrögð,“ segir Gerður Björk Sveinsdóttir, íbúi við Suðurtún, en hún er ein þeirra sem standa að undirskriftasöfnun á Álftanesi.

íbúa við Suðurtún, 36 húsa hverfi sem er næst því svæði sem liggur undir gagnrýni.

Söfnunin takmarkast við Suðurtún vegna þess hve lítill tími er til stefnu. Mótmælin beinast gegn því að Norðurnesvegur verði færður um 25-30 metra til að búa til pláss fyrir þriggja hæða hús sem snúa að Bessastöðum, land sem margæsin noti til að fita sig á vorin á leiðinni til Grænlands og Kanada fari undir byggingar og veg og að bensínstöð sé reist á svæðinu.

„Við höfum alltaf verið án bensínstöðvar hér og erum ekkert ósátt við það. Við höfum átta bensínstöðvar innan ferkílómetra radíuss og þykir það alveg nóg,“ segir hann og kveðst ekki trú á því að núverandi meirihluti á Álftanesi sé svo heillum horfinn að hann ætli að tapa meirihlutanum út af skipulagsmálum. - ghs



STAKUR FLUGVÉLAVÆNGUR Önnur flugvélin sundraðist við áreksturinn og rigndi brakinu niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fimm manns biðu bana:

Flugvélar skullu saman í loftinu

BANDARÍKIN, AP Tvær einkaflugvélar skullu saman í lofti skammt frá litlum flugvelli í Kaliforníu í Bandaríkjunum á sunnudag. Fimm manns létust, tveir úr hvorri vél og einn sem varð fyrir braki á jörðu niðri.

Vitni lýstu því hvernig önnur vélin sundraðist og að brakinu hefði rignt yfir bílasölur fyrir neðan. Flugvélararnar hröpuðu báðar til jarðar eftir áreksturinn.

„Önnur þeirra lenti ofan á Ford Mustang og hin féll á bílastæðið,“ skammt frá hinni, sagði Hector Hernandez sem varð vitni að slysinu í samtali við sjónvarpsstöðina KCBS-TV. - sdg

Glæpatíðni á Lapplandi:

Fimm menn myrtir á ári

FINNLANÐ Fleiri morð eiga sér stað í Lapplandi en í löndum Vestur- og Mið-Afríku. Í fjórum finnskum sveitarfélögum eru framin hlutfallslega mun fleiri morð miðað við íbúafjölda en annars staðar í landinu. Langflest eru þau í Lapplandi, að sögn finska dagblaðsins Helsingin Sanomat, að meðaltali fimm morð á ári.

Í löndum Vestur- og Mið-Afríku eru framin að meðaltali tæplega fimm morð ári. Í Suðvestur-Finnlandi eru framin tvö morð á ári og er það svipað og er í löndum Mið- og Vestur-Evrópu. Í þeim sveitarfélögum í Finnlandi þar sem morðtíðnin er hvað hæst er mikið atvinnuleysi. - ghs

Frumvarp um nálgunarbann:

Þarf að huga að heimilisofbeldi

ALÞINGI Ekki eru nægilega sterk úrræði til að taka á heimilisofbeldi í nýju frumvarpi dómsmálaráðherra um nálgunarbann, sagði Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna á Alþingi í gær.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi í gær.

Kolbrún boðaði breytingartilögu við frumvarpið þar sem lögreglu verði heimilað að fjarlægja ofbeldismann af heimili, í stað þess að sá fari sem brotið er á. Fyrirmynd megi finna í Austurríki þar sem slík lög hafi skilað góðum árangri. - bj



Drifinn af öryggi

4MATIC fjórhjóladrifrið frá Mercedes-Benz veitir einstakt veggríp við allar aðstæður. 4MATIC byggir á þeirri tækni að afl hvers hjóls er lagað að aðstæðum á veginum og fjöðrunin stillir sig eftir ójöfnum. Allt þetta gerist án þess að ökumaðurinn verði þess var og tryggir því áreynslulausan, öruggan og ánægjulegan akstur.

4MATIC fjórhjóladrifrið er staðalbúnaður í GL-Class og ML-Class jeppunum, en fæst einnig í lúxusbílunum S-Class, E-Class og C-Class. 4MATIC hentar fullkomlega við íslenskar aðstæður.

Komdu, sjáðu og reynsluaktu Mercedes-Benz.

ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is
Viðurkennur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Mercedes-Benz





FUNDURINN ÁKVEÐINN Ragnar mælti sér mót við handrukkarana á plani í nágrenninu.

MYNDIR/KOMPÁS



SVÆÐIÐ KORTLAGT Fundarstaðurinn var kortlagður á lögglustöðinni áður en mennirnir mættu.

MYNDIR/KOMPÁS

Fjölskyldufaðir stöðvaði innrás handrukkara

Friðhelgi heimilis og öryggi voru í fyrirrúmi þegar Ragnar Óskarsson fjölskyldufaðir í Vogum á Vatnsleysuströnd stöðvaði innrás þriggja handrukkara. Efnt var til borgarafundar í Vogum.

„Ég mun aldrei lúta vilja handrukkara,“ segir Ragnar Óskarsson, heimilisfaðir í Vogum á Vatnsleysuströnd, sem komst nýverið í kast við þrjá handrukkara.

Húsbrot var framið hjá fjölskyldunni nótt eina fyrir skömmu. Á ferðinni voru piltar, sem ætluðu sér að rukka átján ára son Ragnars um skuld sem átti að hafa orðið til við sameiginlega fíkniefnaneyslu eins húsbrotsmanna og sonarins, sem var þá nýkominn úr meðferð. Ekki var um að ræða eiginlega dópskuld, heldur ákvað húsbrotsmáðurinn að nú skyldi pilturinn greiða hluta af fyrrverandi „veislukostnaði“, það er efnun sem þeir höfðu neytt saman í lengri eða skemmri tíma og slumpaði á að

hans hlutur næmi 50 þúsund krónum. Syni Ragnars höfðu borist hótanir skömmu eftir að hann kom úr meðferðinni. Þær vörðuðu fjölskyldu hans og eins að skuldin yrði seld, sem hefði samkvæmt handrukkarabókinni þýtt að hún myndi hækka verulega.

Tilgangur húsbrotisins var að fá þennan bakreikning greiddan – með handafli ef þörf krefði.

Sat undir hótunum

„Ég vildi óska að sonur minn hefði leitað til mín strax. En við vissum ekki hvernig komið var fyrr en nóttina sem húsbrotið átti sér stað. Þá gengur eitthvað mikið á, mikil læti fyrir utan húsið, sonur minn kominn í símann, hringir í 112 og

biður um aðstoð. Þá fyrst fæ ég að vita að það er einhver meint skuld til staðar,“ segir Ragnar. „Hann var búinn að sitja undir hótunum og bera harm sinn í hljóði. Hann hafði ætlað sér að útvega þessa aura sjálfur, nýkominn úr meðferð og án atvinnu. Hann var að vinna í að koma sér á beinu brautina í sínu prógrammi en fékk ekki frið til þess. En þetta er ekki hans mál lengur, heldur einungis mitt, eftir að húsbrotið hafði verið framið.“

Þegar Ragnar heyrði hávaðann fyrir utan hljóp hann út. Tveir handrukkaranna héngu þá utan á húsinu en sá þriðji var kominn upp á svalir. Þegar piltarnir sáu hann tóku þeir til fótanna og hurfu út í myrkríð. Þeir stukku upp í bíl sem

lagt hafði verið í nágrenninu og óku í burtu.

Ótrúlegar tilfinningar

Hvaða tilfinningar vekur það þegar friðhelgi heimilislífsins er rofin með svo grófum hætti?

„Atburður af þessu tagi vegur fyrst og fremst að öryggistilfinningunni. Þetta kallar fram ótrúlegar tilfinningar, reiði og gremju. Þessar tilfinningar eiga það til að svipta menn ákveðinni skynsemi. En sem betur fer taldi ég upp að tíu, settist niður og hringdi í fólk sem ég treysti til að gefa mér góð ráð í þessu. Smám saman áttar maður sig á þessu landslagi. Það eru bara tveir kostir í stöðunni, að borga eða að borga ekki. Ef maður

borgar þá á maður á hættu að því verði fylgt eftir með frekari kúgun í formi innheimtu vaxta eða hvaða nafni sem hún yrði nefnd.

Ef maður borgar ekki þá er bara eitt í stöðunni og það er að leita til lögreglu. Og það er það sem ég gerði. Allt til þess að fá friðinn og öryggistilfinninguna aftur, en ekki síst sjálfstraustið til að halda áfram með það verkefni sem nú er í gangi sem eru veikindi konunnar minnar.“

Eiginkona Ragnars greindist með heilæxli fyrir tveimur árum. Í haust lenti hún í harkalegu bílslysi og fór svo skömmu síðar í fimmtu höfuðaðgerðina og lyfjameðferð. Börnin á heimilinu eru þrjú, þriggja, tólf og átján ára. Það



HÓTANIR Húsbrotsmáðurinn hikaði ekki við að hóta syni Ragnars, en allt var það tekið upp.

MYNDIR/KOMPÁS

Office 1 Superstore

Allt fyrir skrifstofuna undir 1 þaki

Skeifunni17 • Smáralind • Akureyri • Ísafirði • Egilsstöðum
• Vestmannaeyjum • Selfossi • Hafnarfirði (Bókabúð Böðvars)



HANDTAKAN Lögregla hafði snör handtök þegar maðurinn var handtekinn.

MYNDIR/KOMPÁS

SIEMENS

Þvottavél

frá Siemens sem lætur blettina hverfa.

- 8 kg
- Fjórtán blettakerfi
- Hraðkerfi
- Kraftþvottakerfi
- Snertihnappar
- Orkuflokkur A+

Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Niðurstaða fjölmenns íbúafundar í Vogum:

Fá umgmennaráð og lögreglumann

„Þarna voru góðar umræður og það er frábært þegar tuttugu prósent íbúanna, rúmlega 200 manns, mæta á svona fund sem boðaður er með mjög skömmum fyrirvara,“ segir Róbert Ragnarsson bæjarstjóri í Vogum um íbúafundinn í fyrrkvöld. Þetta er fimmti fundurinn sem bæjaryfirvöld halda með íbúunum á kjörtímabilinu.

Róbert segir að niðurstaða fundarins hafði orðið sú, að bæjarstjóri og lögreglustjórinn hafi ákveðið að frá og með vorinu myndi forvarnalögreglumaður starfa með félagsmiðstöðinni.

Lögregla hefur ekki verið staðsett í Vogum að undanförunu. Þá mun sveitarfélagið skipa svokallað ungmennaráð. Í því munu eiga sæti ungt fólk í sveitarfélaginu, tómstundafulltrúi og forvarnalögreglumaðurinn.

„Það eru því fyrirbyggjandi ákveðnar aðgerðir sem við munum ganga í strax og við höfum treyst þetta samstarf sem er afar mikilvægt.“

Okkar ímynd af sveitarfélaginu er sú, að það sé fjölskylduvænt, vinallegt og öruggt. Vogar eru fallegur lítill bær í nágrenni við höfuðborgina þar sem mjög gott er að búa.“

- jss



FULLT ÚT ÚR DYRUM Bæjarstjórinn sagði íbúafundinn hafa tekist vel og umræður hefðu verið góðar.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



RAGNAR ÓSKARSSON

hefur því verið nóg álag á heimilinu undanfarin misseri þótt ekki bættist við húsbrot.

Fundur með húsbrotsmönnum

„Maður tekur svona hótunum og húsbroti mjög alvarlega og gengur götuna á enda. Því var það að ég kom á fundi við húsbrotsmennina úti á bílplani skömmu eftir húsbrotið með fulltingi lögreglustjórans á Suðurnesjum. Kompásmenn á Stöð 2 fylgdust með úr fjarlægð. Ef handrukkararnir hefðu áframhaldandi hótanir í huga þá næðist það allt upp á band.“

Einn húsbrotsmanna mætti, ásamt tveimur öðrum sem ekki höfðu verið með í húsbrotinu. Og hótanirnar létu ekki á sér standa ef ekki yrði borgað:

„Hann verður tekinn og laminn svo illa, að hann á ekki eftir að geta labbað,“ sagði hann við Ragnar og átti þá við son hans. Kompásmenn tóku þetta upp og þar með var sök sönnuð. Lögreglan sem beðið hafði átektu lét til skarar skriða og samtals fjórir menn voru handteknir. Allir fengu þeir þau skilaboð að láta fjölskyldu Ragnars í friði og embætti lögreglustjórans myndi vernda hana. Skilaboðin voru skýr.

Í framhaldinu hafði Ragnar samband við Róbert Ragnarsson bæjarstjóra og bað um að efnt yrði til almenns íbúafundar þar sem málin yrðu rædd á breiðum grundvelli. Sá fundur átti sér stað í fyrrkvöld. Hann var mjög fjölsóttur og samheldni íbúanna greinileg.

Stuðningur og forvarnir

Hvaða áhrif hefur svona atburður á lítið bæjarfélag eins og Voga?

„Í svona litlu afmörkuðu bæjarfélagi verða afbrot, af hverjum toga sem þau kunna að vera, mjög gegnsæ. Ef samfélagið ætlar ekki að umbera þetta þarf að vera til staðar ferli fyrir alla þessa hluti, sem hægt er að hafa stuðning af.“

Ragnar segir að auk þessa séu forvarnir afar mikilvægar. Grípa þurfi inn í strax á neðsta aldurstiginu, þannig að ungmennum sé ekki gert kleift að alast upp í ofbeldisfullum hugsunarhætti og eldast í „bransanum“. Skólinn þurfi einnig að koma að þessum málum.

„Þetta tekur tíma en það skilar sér,“ bætir hann við einbeittur.

„Þá er mjög mikilvægt að íbúarnir haldi meðvitund gagnvart stöðunni hverju sinni og láti ekki kyrrt liggja.“

Hvað piltana þrjá varðar, þá vona ég einungis að þeir átti sig á því hver raunveruleikinn er og að þeir leiti sér hjálpar. Það er mín ósk þeim til handa.“

jss@frettabladid.is

**STÓRBÆTT YFIRSÝN OG
UPPLÝSINGAGJÖF**

Nýtt innheimtukerfi Kaupþings

KYNNTU ÞÉR INNHEIMTUKRÖFUR Í NETBANKA KAUPÞINGS

Innheimtukerfi



KAUPÞING

Hugsum lengra

Innheimtukröfur í Netbanka Kaupþings eru tilvalin leið til að halda utan um kröfur allt frá því að þær eru stofnaðar þar til þær eru greiddar. Kerfið hentar fyrirtækjum, stofnunum, sveitarfélögum o.fl. Innheimtukröfur bæta greiðslufæði, veita yfirsýn yfir útistandandi skuldir

og auðvelda bókhaldsvinnu. Með því móti spara innheimtukröfur bæði fé, tíma og fyrirhöfn.

Kynntu þér málið á kaupthing.is, í síma 444 7000 eða sendu fyrirspurn á innheimtuthjonusta@kaupthing.com

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugrakkur faðir tekur til sinna ráða.

För handrukara verður að stöðva

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Ég mun aldrei lúta vilja handrukara," segir heimilisfaðir í Vogum á Vatnsleysuströnd sem hefur tekið þá ákvörðun að greiða ekki fíkniefnaskuld sonar síns. Faðirinn hugrakkir er í viðtali í Fréttablaðinu í dag og kom fram í fréttaskýringaþættinum Kompási á Stöð tvö í gær.

Föðurnum tókst fyrir skömmu að stöðva innrás handrukara á heimili hans, eiginkonu hans og þriggja barna. Elst þeirra er pilturinn sem handrukkarnir voru að leita að. Eftir að hafa farið yfir málið komst fjölskylduþeirri að þeirri niðurstöðu að hann og fjölskylda hans væru í verri málu ef skuldin yrði greidd en ef hún yrði ekki greidd.

Í framhaldinu efndi hann til samstarfs við Kompás um að vera á staðnum þegar hann átti von á ofbeldismönnum eftir. Lögreglan var vitanlega einnig á staðnum og handtöku mennina.

Eins og staðan er virðast fjölskyldur standa berskjaldaðar gagnvart aðför misindismanna eins og þeirra sem sóttu fjölskylduna í Vogum heim. Og því miður eru þeir fáir sem rísa upp með sama hætti og fjölskylduþeirri og hafnar því að taka þátt í darraðardansinum.

Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvílúkur víthringur fíkniefnaneysla er. Svo virðist sem stundað sé að leita upp þá sem eru nýkomnir úr meðferð til að herma upp á þá gamlar skuldir. Þó að svo kunni að virðast að einfaldasta leiðin sé að greiða upp skuldina er málið miklu flóknara. Eins og faðirinn bendir á þá getur það hæglega verið ávisun á framhald því eftir að skuldin sjálf er uppgreidd er farið að rukka um vexti. Leiðin sem í fljótu bragði virðist vera torfarnari er því alltaf farsælli þegar upp er staðið; að neita að greiða og umfram allt leita til lögreglu.

Íbúar í Vogum komu í vikunni saman á íbúafundi þar sem ofbeldismál voru rædd. Á fundinum var ákveðið að forvarnalög-reglumáður tæki til starfa við félagsmiðstöð staðarins og ungmennaráð skipað. Ef vel tekst til í Vogum geta aðgerðirnar þar orðið öðrum til eftirbreytni.

Það er sárt til þess að vita hversu ungmenni, sem eru að vinna í því að komast út úr víthring fíkniefnaneyslu, eru varnarláusir gagnvart fortíðardraugum. Þessum ungmennum veitir mörgum hverjum ekki af sólarhringsvörn fyrir handrukkurum. Það er algerlega ólíðandi að hópur manna skuli hafa slík heljartök á fólki að það leggur ekki í að kæra ofbeldi til lögreglu. Ferð handrukara verður að stöðva og það strax.

Til þess þurfa fórnarlömb handrukara og þeir sem næstir þeim standa að taka höndum saman við lögreglu. Það á að vera hægt að afvopna slíka menn í svo litlu samfélagi eins og hér er.

Fjölskylduþeirri í Vogunum hefur gengið fram fyrir skjöldu. Hann er ekki sá fyrsti og ekki heldur sá síðasti en þeim verður að fjölga sem taka ábyrga afstöðu eins og hann. Til þess að það geti gengið eftir verður að vera hægt að treysta á fulltingi lögreglunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnisblaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Notuð skrifstofuhúsgögn til sölu

www.nathan.is

Við erum að flytja og því höfum við til sölu notuð skrifstofuhúsgögn, þ.e. skrifborð, skápa, skrifstofustóla o.fl.

Einnig ísskápa, borð, stóla o.fl. í eldhúsið.

Selst ódýrt.

Upplýsingar á skrifstofutíma gefur Hanna Dóra Haraldsdóttir í síma 530-8400 eða hdh@1912.is



Nathan & Olsen hf

Ekran

FRÁ DEGI TIL DAGS

Borgarstjóri í hundrað daga

Fullt yrst hefur verið í fjölmiðlum að fráfarandi meirihluti í borginni hafi fallið eftir 102 daga við stjórnvöllinn. Það er ekki rétt. Á mánudag voru vissulega 102 dagar liðnir frá því að tilkynnt var að nýr meirihluti hefði verið myndaður í borginni, það er fimmtudaginn 11. október í fyrra. Formleg valdaskipti urðu hins vegar ekki fyrr en þriðjudaginn 16. október. Dagur B. Eggertsson hefur því verið borgarstjóri í slétta hundrað daga á fimmtudag, þegar Ólafur F. Magnússon tekur við stjórnarteamunum. Aðeins einn borgarstjóri hefur gegnt embættinu skemur, það er Árni Sigfússon sem var borgarstjóri í 89 daga frá 17. mars til 13. júní 1994.



Ömurlegur dagur

Breskir fjölmiðlar greindu frá því um helgina að sálfræðingur þar í landi hefði búið til formúlu til að reikna út „ömurlegasta dag ársins“. Til að komast að niðurstöðu styðst sálfræðingurinn við breytur á borð við veðurfar, skuldir, hversu langt er liðið frá jólu, sprungin áramótaheiti, skort á drifkrafti og athafnaþrá fólks. Sálfræðingur þessi spáði sem sagt að ömurlegasti dagur 2008 væri mánudagurinn 21. janúar. Og viti menn. Á alþjóðamörkuðum tóku hlutabréf rækilega dýfu og í Ráðhúsi Reykjavíkur fór allt í háloft.

Dýrkeyptur sigur

Í ljósi nýs meirihluta í borginni er áhugavert að rífa upp sann-



ingaviðræður sjálfstæðismanna og F-lista eftir kosningar 2006. Framan af þótti langlíklegast að þessir flokkar myndu ná saman um að mynda stjórn og á tímabili leit út fyrir að það gengi eftir. Það liðkaði fyrir viðræðunum á sínum tíma að Ólafur F. Magnússon gerði ekki kröfu til þess að verða borgarstjóri, sem var aftur á móti skýlaus krafa Sjálfstæðisflokksins. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson sleit viðræðunum við Ólaf skyndilega og bar við ósveigjanleika hans í flugvallarmálinu. Nú eru F-listi og Sjálfstæðisflokkur loksins komnir í eina sæng; Ólafur fékk sínu framgengt í flugvallarmálinu og verður borgarstjóri þar að auki. Sjálfstæðismenn hugsa sig væntanlega tvisvar um framvegis áður en þeir slíta samningaumeitunum og leita annað. bergsteinn@frettabladid.is

Orð í nýjum búningi

Eitt nýyrði er skyndilega komið upp í frönsku og gengur nú ljósum lögum, og er það orðið „pipol“. Sennilega liggur það ekki í augum uppi fyrir Íslendinga, en hér er ekki annað á ferðinni en enska orðið „people“ í nýjum búningi, en merking þess hefur þó tekið nokkrum stakkaskiptum. Í frönsku hefur það sem sé breyst í lýsingarorð og táknar allt það sem á einhvern hátt tengist frægu fólki, leikurum, poppstjórnun, ákveðinni tegund af íþróttahetjum og slíku, þ.e.a.s. því sem skipar háan sess á forsíðum fyrir skilnaðarmál, kvenna- og karlamál og skandala ýmiskonar. Þau blöð sem birta fréttir af þessu tagi, eins og hið mikla fréttablað „Closer“, eru „pipol“, og þar sem orðið táknar einhvers konar eiginleika og vísar til sérstakrar veraldar verða þeir sem komast í slíka pressu einnig „pipol“ sjálfir.

Hugsanatengsl þessa orðs eru nokkuð skýr og einföld. Það kallar fram mynd af fólki í glæstum klæðum, smóking eða síðum kjólum – nema þegar það er hálfbert eða meira – með dökk gleraugu og papparassa á hælunum. Það kallar fram í hugann myndir af fólki í vafasömum stellingum og ýmiskonar annarlegu ástandi, sem eru teknar gegnum fjarlægdarlinnur sem kosta milljónir. Það kallar fram í hugann flennistórar fyrirsagnir skrifaðar á harla alþýðlegri frönsku sem sést ekki í kennslubókum, og síðast en ekki síst kallar það fram í hugann bækur, settar á markaðinn með brauki og bramli, þar sem einhver leysir frá skjóðunni og gerir sannleikann um NN (kannski hann sjálfur eða hún sjálf).

Með morðglampa í augum

Þótt franska akademían hafi ekki skipt sér af þessu orði, og því síður lagt á það blessun sína, hefur það á örortuttum tíma breiðst út yfir landið eins og logi í sinu, og



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Nýyrði

ekki alveg að ástæðulausu. Því alls staðar í fjölmiðlum vaða nú uppi sömu spurningarnar: hvað finnst mönnum um að nú sé forsetinn orðinn „pipol“? hvaða áhrif skyldi það hafa á fylgi forsetans að hann skuli nú vera „pipol“?

Þetta byrjaði allt með hinni mjög svo umdeildu heimsókn Kaddafis Libýuleiðtoga. Það var þungt hljóð í mörgum. En hann hafði varla snúið við bakinu, þegar menn fengu um annað að tala, því skyndilega birtist Sarkozy í Disneylandi (af öllum stöðum) með dömu upp á arminn og leyfði fréttamönnum góðfúslega að taka myndir af þeim báðum. Nokkru síður voru skötujujúin stödd við fætur pyramíðanna í Egyptalandi og í Petra í Jórdaníu, og forsetinn lýsti því yfir á blaðamannafundi að „þarna væri alvara á ferðum“.

Sporhundar pressunnar þurftu ekki að leggja mikið á sig, því konan, sem var ítölsk þökkadís, Carla Bruni að nafni, var síður en svo óþekkt, síst af öllu í „pipolpressunni“. Hún hafði byrjað sinn feril sem fyrirsæta, síðan fengist eitthvað við söng með misjöfnum árangri, og unnið sér í leiðinni sitthvað það til frægðar sem þandi sig yfir forsíður. Einn sinni hljópst hún á brott með eiginmanni Justine nokkrar Lévy. Það hefði þó varla verið í frásögur færandi ef Justine þessi hefði ekki verið dóttir hins afkastamikla heimspokings og fjölmiðlaberserks Bernard-Henri Lévy, eins af lávörðum þotugengisins í Frakklandi. Hún sýndi þegar að hún var

dóttir föður síns, settist niður og skrifaði skáldsögu um málið sem nefndist „Ekkert alvarlegt“. Þetta verk, sem ekki var hægt að kalla „lykilskáldsögu“ því ekki var þörf á nokkrum einasta lykili, allt var þar galopið og hurðarlaus, vakti þó nokkra athygli. Á þeim blaðsíðum birtist Carla Bruni lesendum ljóslifandi undir því gagnsæja dulnefni „Paula“, og er henni lýst sem margfeldi ýmiskonar kvendjöfla, „blóðsugu“ með „morðglampa“ í augum. Það var sennilega um þetta sama leyti sem Carla Bruni lýsti því yfir að hún væri fylgjandi fjölveri.

Súfistinn De Gaulle

Blaðamaður við kaþólska dagblaðið „Krossinn“ lýsti því áttakanlega, hvornig þetta mál væri farið að breyta sýn manna á sjá hveimínum. Hann fór nýlega að umja kvikmyndina „Leikkonur“ eftir systur Cörlu Bruni, Valeríu Bruni Tedeschi sem einnig leikur aðalhlutverk. Í hlutverk móður aðalpersónunnar, sem er voldug kona í tannhvassari kantinum, valdi hún sína eigin móður, sem er að sjálfsgöðu einnig móðir Cörlu og virðist leika sjálfa sig. Meðan á sýningu stóð sagðist blaðamaðurinn ekki hafa getað losnað undan þeirri hugsun að kannski væri hann nú að horfa á tilvonandi tengdamútt forsetans, og hætt við að sá yrði þá að halda sig á mottunni.

Þegar menn hittast á förnum vegi segja þeir nú gjarnan án frekari skýringa: hvar endar þetta? En sumir núna saman höndum af ánægju. Það eru útgefendur „pipolpressunnar“ og bóka af sama tagi. Á þessari stundu eru þrjár bækur að koma út um Sesselju, fyrrverandi forsetafrú, og fimm bækur eru boðaðar um Cörlu Bruni. En hvað hefði De Gaulle hugsað, sá sem hannaði forsetastólinn? Mér finnst ekki ólíklegt að hann sé nú orðinn súfisti og genginn í reglu skopp-arakringlu-munka í gröfinni.

Hví lækka fasteignagjöld ekki?

UMRÆÐAN

Fasteignagjöld í Kópavogi

Þrátt fyrir góðan rekstrarafgang skv. fjárhagsáætlun Kópavogs hafa meirihlutaflokkarnir ekki séð neina ástæðu til þess að létta undir með bæjarbúum og lækka fasteignaskattana. Hvernig stendur á því? Af hverju geta bæjarfélög allt í kring um okkur verið að lækka álögur á sína bæjarbúa? Af hverju er Kópavogur ennþá með hæstu skattþrosentuna?

Getur svarið verið það að þrátt fyrir að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks veifi fjárhagsáætlun sem sýni afgang upp á 2,1 milljarð sé rekstur bæjarins alls ekkert í góðu standi? Hvaðan kemur þessi rekstrarafgangur? Svarið er að hann kemur af sölu lóða. Í ljósi þess hlýtur maður að spyrja sig að því hvornig fjárhagur bæjarins væri ef ekki kæmi til sala lóða.

Það hlýtur að vera krafa íbúa Kópavogs að bæjarfélagið noti tækifærið og láti þá njóta, að minnsta kosti að hluta, ávinnings sem bærinn



HELGI HELGASON

hefur haft af sölu lóða. Bæjarfélögin í landinu hafa ekki frekar en aðrir getað séð fyrir hvornig fasteignaverð hefur gjórsamlega farið út úr öllu korti. Við þetta hafa bæjarfélögin í reynd fengið tekjuauka sem þau hafa í sjálfru sér ekkert verið að kalla eftir.

Lauslega reiknað hefur mánaðargreiðsla af húsnæði sem er 140fm og með 40fm bílskúr hækkað frá 2005 til 2008 um ca. kr. 10.000 á mánuði. Íbúi sem á húsnæði af áður nefndri stærð greiddi árið 2005 um 11.700 kr. á mánuði í fasteignagjöld en greiðir núna um 22.400 kr. á mánuði.

Sé hins vegar sá grunur á rökum reistur að í raun séu fjármál bæjarins í kalda koli, ef ávinningurinn af sölu lóða er tekinn út úr myndinni, þá er náttúrulega skiljanlegt að meirihlutinn hiki við að lækka fasteignalögur á bæjarbúa. Þá er sannarlega komin enn ein ástæða fyrir Kópavogsbúa að hvíla Sjálfstæðis- og Framsóknarflokk til næstu bæjarstjórnarkosningum.

Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi.

TÖLVUNÁM

á vorönn 2008

Innritun hafin

Computer and office courses
for beginners and advanced users



Útskrift nemenda í Tölvu- og skrifstofunámi í janúar 2008

TÖLVU- OG SKRIFSTOFUNÁM

Sérlega viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins, nám sem hentar fólki á öllum aldri, hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstætt starfandi atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldi.

Hefst 28. janúar. Kennst er þrisvar í viku og er boðið upp á morgun- og kvöldhópa. Sjá stundaskrá á heimasíðu skólans.
Lengd: 260 std. - Námið er metið til eininga. Verð: 199.000,-



Útskrift nemenda í Tölvu og bókhaldi desember 2007

TÖLVU- OG BÓKHALDSNÁM

200 stundir. Verð kr. 153.000,- Morgun og kvöldnámskeið.
Hefst 28. janúar á Akureyri og 7. febrúar í Reykjavík.

Bókhald 1

Hagnýtt 100 std. Bókhaldsnámskeið fyrir byrjendur í bókhaldi. Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald í Navision. Hefst 3. mars. Verð kr. 94.000,- Morgun- og kvöldhópar.

Bókhald 2

32 std hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald upprifjun og framhald, VSK uppgjör og leiðréttingarskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skatts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga. Verð kr. 36.000,-

Tollskýrslugerð

21 stund. Verð kr. 28.000,-

ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

Tölvunám byrjenda

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 31. janúar. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows tölvugrunnur og skjalavarsla, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga og er hægt að velja um morgun- eða kvöld námskeið. Hefst 30. janúar. Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet, Outlook og PowerPoint.

Kennt er þrisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið. Hefst 7. febrúar. Lengd: 84 std. Verð kr. 65.000,- (Bækur og próf innifalín).

ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Vefsíðugerð I

Photoshop og Dreamweaver.

Stafrænar myndavélar

- og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni.

Illustrator

Fyrir byrjendur í teikningu og hönnun. Hefst 24. jan.

Eldri borgarar 60+

30 kennslustunda byrjenda- og framhaldsnámskeið á góðu verði.

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007 kynningar
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision
- Grafísk hönnun

VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



Innilegar þakkir sendum við þeim fjölmörgu, sem sýndu okkur vináttu, samúð og blýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afá og langafá,

Björns Eiríkssonar
Urðarbraut 11, Blönduósi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar Blönduósi og lyfjadeildar Fjórðungssjúkrahúsins á Akureyri fyrir hlýhug og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Alda S Theódórsdóttir

Vigdís Björnsdóttir Albert Stefánsson
Eiríkur Ingi Björnsson Kristín Guðmannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

SALVADOR DALI LISTAMAÐUR
LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1989

„Suma daga er ég hræddur um að ég deyi af of stórum skammti af ánægju.“

Spænski listamaðurinn Salvador Dalí var einn af upphafsmönnum súrrealismans.



ÞETTA GERÐIST: 23. JANÚAR 1997

Kona utanríkisráðherra

Madeleine Korbel Albright, fædd Marie Jana Korbelová þann 15. maí árið 1937 í Prag í Tékkóslóvakíu, var sett í embætti 64. utanríkisráðherra Bandaríkjanna þennan dag árið 1997, í stjórn Bills Clinton.

Albright flúði helförnasista ásamt foreldrum sínum sem lítil stúlka, en fjölskyldan snerist til Kapólskrar trúar til að bjarga lífi sínu. Faðir Albright var sendiherra og hafði því góð sambönd víða um heim. Fjölskyldan flúði fyrst til Belgrad og því næst til London.

Madeleine var send í svissneskan heimavistarskóla áður en hún flutti til Bandaríkjanna og varð bandarískur þegn árið 1957 eftir að hún lauk prófi í stjórnmálafræði við háskóla í Denver. Madeleine Albright talar fjölda tungumála og má þar nefna ensku, frönsku, tékknesku, rússnesku, þýsku og serbó-króatísku. Hún á þrjár dætur og er fraskilin, en á meðan börnin voru lítil lauk Albright við doktorsnám í opinberri stjórnsýslu frá Columbia-háskóla.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Elsku hjartans eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur og tengdasonur,

Rikharður Chan
Breiðagerði 33, Reykjavík,

lést á líknardeildinni í Kópavogi þann 16. janúar síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju fimmtudaginn 24. janúar klukkan 13.00.

Anna Greta Gunnarsdóttir
Sonja Arna Chan Haraldur Svavarsson
Gunnar Davíð Chan Unnur Lárusdóttir
Stefanía Chan
Helga Chan Haraldsdóttir
Ho Thai
Þórdís G. Magnúsdóttir Gunnar B. H. Sigurðsson



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar S. Júlíusson

(á Bakka)
síðast til heimilis að Hagaflöt 11, Akranesi,

verður jarðsönginn frá Akranesirkirkju föstudaginn 25. janúar kl. 14.00.

Sigrún Gunnarsdóttir Gísli V. Jónsson
Ragnheiður Gunnarsdóttir Björgvin Ó. Eyþórsson
Viðar Gunnarsson Hafdís Sigurþórsdóttir
Daniel Gunnarsson Sigríður Ingvarsdóttir
Dröfn Gunnarsdóttir Magnús Þráinsson
Ívar Gunnarsson Bjarney Pálsdóttir
og afabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, systir og mágkona,

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Bodahleín 21, Garðabæ,
áður til heimilis að Einibergi 17,
Hafnarfirði,

andaðist föstudaginn 11. janúar á líknardeild Landakotspítala. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði 23. janúar kl. 15.00.

María Eydís Jónsdóttir Guðmundur Kr. Aðalsteinsson
Vilberg Þór Jónsson Margrét Emilsdóttir
Jón Snævar Jónsson Salbjörg Björnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Steinþóra og Sigurður Arnald



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Sigmundur Sigurgeirsson

húsasmiðameistari, Þorragötu 9,

lést þriðjudaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju föstudaginn 25. janúar kl. 15.00.

Ásdís Sigurðardóttir
Sigurgeir Ó. Sigmundsson Ingunn Mai Friðleifsdóttir
Margrét Sigmundsdóttir Bjarni Ólafur Ólafsson
og barnabörn.



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

Sigurbjörg Guðmundsdóttir

frá Flatey á Skjálfanda,

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. janúar kl. 13.00.

Hjördís Ásberg Hjörleifur Jakobsson
Guðmundur Gauti Sveinsson Elísa Björg Sveinsdóttir



Elskulegi sambylismaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,

Ívar Geirsson

Sóleyjaríma 73, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. janúar.

Bjarney Ólsen Richardsdóttir
Ólafía Sigurðardóttir
Anna Rós Ívarsdóttir Steindór Guðmundsson
Ásta Steindórsdóttir
Ólafía Björk Ívarsdóttir Ragnar Miquel Herreros
Aron Eli Ragnarsson
Ívar Örn Ívarsson Karen Daðadóttir



Hjartfölginn sonur minn, ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Ólafur Mogensen

Flaggatan 8b, 41316 Gautaborg, Svíþjóð

er látinn. Ólafur lést aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar og verður hann jarðsettur í Gautaborg, Svíþjóð. Hans verður sárt saknað. Guð blessi minningu hans.

Marsibil Mogensen
Maud Råmsell
Pétur Viðar Ólafsson
Birta Þrastardóttir Þórhallur Magnússon
Mirra Þórhallsdóttir
Peter Lassen Mogensen
Matthías Mogensen Kristina Marianna Wård
Ingeborg Linda Mogensen
Erik Júlíus Mogensen Aðalheiður Elva Jónsdóttir
Inga Kolbrún Mogensen Sveinbjörn Gunnarsson
Björgir Mogensen Ásta Ragnheiður Júlíusdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnþór Guðmundsson

rithöfundur og fyrrverandi bóndi frá Dæli,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Hvammstanga þriðjudaginn 22. janúar.

Helga Gunnþórsdóttir Guðmundur Leifsson
Sæmundur Gunnþórsson Nanna Ólafsdóttir
Róberta Gunnþórsdóttir Garðar Guðmundsson
Vígglundur Gunnþórsson Sigrún Valdimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Þorsteinn Sölvi Valdimarsson

Góð 2. herb. íbúð í vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti, bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

Til leigu kjallaraíbúð í Hafnarfirði 50 fm. Uppl. sendist á meðilustilleigu@visir.is. Laus strax.

Stúdíóíbúð í Reykjavík
 Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum, þvottavél, þurkari, uppþvottavél. Uppl. í s. 861 2319.

Til leigu herb. með aðgang að stofu, wc og eldhúsi í Hfj. Laus strax. S. 848 5853.

Radhús til leigu, 4 svefnherb. í seljahverfi í Rvk Uppl. í s. 864 4182.

Húsnæði óskast

Systkini óska eftir íbúð sem fyrst helst miðsvæðis
 eru reglusöm og með trausta innkomu. Æskilegt væri ef íbúðin skiptist í tvö mjög stór herbergi, eldhús og bað. Greiðslugeta um 140 þús. á mán. Langtímaleig.

Uppl. hjá Oddi í síma 847 3860.

Reglusamur maður óskar eftir 2-3 herb. íbúð miðsvæðis í Reykjavík, verðh. 90-120 þús. Björn S:896-8934

Reglusamt par með eitt barn. Óskar eftir að leigja íbúð á höfuðborgarsvæðinu, á sanngjörmu verði. Uppl. í s. 892 8096.

ATVINNA

Atvinna í boði

Bakarí - kaffihús, Skipholtí
 Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnáttu æskileg.

Upplýsingar í síma 820 7370.

Kökuhúsið Auðbrekku
 óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30. Gæti hentað með skólafólki.

Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.

Ísbar/Boottbar, Kringlunni.
 Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinnna á tímabili 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsvæðis starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is

FASTEIGNIR

AS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
 Sími 520 2600, Fax 520 2601
 Netfang as@as.is
 Heimasíða www.as.is
 Opíð virka daga kl. 9-18

SKÓLAGERÐI - 200 KÓPAVOGI

4ra herbergja íbúð á 2. hæð, 78,9 fm auk ca 7 fm geymslu, á rólegum stað í vesturbæ Kópavogs (Kársnesið). Stutt í barnaskóla, verslun, sundlaug – mjög miðsvæðis. Nýlegt eldhús með hvítri og mahony innréttingu, stáltæki, helluborð og borðkrókur. Stofa með mikilli lofthæð. 3 svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni. Verð 23,5 m.

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasalí

TILKYNNINGAR

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Tollkvótar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum frá Evrópubandalaginu

Með vísan til samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins um viðskipti með landbúnaðarvörur á grundvelli 19. gr. EES-samningsins og til reglugerðar nr. 36/2008 um úthlutunina, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á m.a. kjóti, ostum og unnum kjótvörum, upprunnum í ríkjum Evrópubandalagsins fyrir tímabilið 1. febrúar - 31. desember 2008.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, www.landbunadarraduneyti.is

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, 6. hæð fyrir kl. 15:00 þriðjudaginn 29. janúar n.k.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu,
 21. janúar 2008.

ATVINNA

VÍSIR

Vísir hf óskar eftir Háseta og Vélaverði á Hrungrnir GK-50 Hrungrnir er línuveidiskip með beitingarnél.

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Vísir í síma 420-5700

Sjúkrahúsið Vogur Sjúkraliðar

Laus ein staða sjúkraliða við Sjúkrahúsið Vog. Stórhöfða 45.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, síma 824-7615 netfang thora@saa.is

TIL LEIGU

Orlofshúsnæði sumaríð 2008

Stjórn Orlofssjóðs Kennarasambands Íslands óskar eftir að taka á leigu húsnæði til endurleigu næsta sumar fyrir félagsmenn. Bæði íbúðarhúsnæði og sumarhús koma til greina.

Tilboð berist til skrifstofu Kennarasambands Íslands merkt "Orlofssjóður" fyrir 28. janúar n.k.
 Orlofssjóður Kennarasambands Íslands, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík

Nánari upplýsingar veitir Hanna Dóra Þórisdóttir í síma 595-1122, netfang: orlof@ki.is, fax: 595-1112.

NÁMSKEIÐ

Verkstjórnarnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi

Markmiðið er að þjálf milli verkstjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmunir fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Hvatning og starfsánægja
- Samningatækni
- Valdframsal
- Áætlanagerð
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals **100 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast **11. febrúar** og **10. mars**.

Nánari upplýsingar og skráning hjá **Nýsköpunarmiðstöð Íslands** í síma **522 9000** og á vefsíðu okkar **www.nmi.is**.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

MÚRARAR

Erum með vana múrara á skrá sem

eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf S: 840-1616

PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem

eru klárir til vinnu.

Kraftafl ehf. S: 840-1616

Fundarboð frá Félagi leiðsögumanna

Almennur félagsfundur um kjaramál verður haldinn miðvikudaginn 23. janúar kl. 20:00 að Mörkinni 6, 108 Reykjavík. Fundurinn verður haldinn í sal 4x4 klúbbsins á efstu hæð.

Stjórnin.

Lagerstjóri óskast í húsgagnaheildsölu

Hæfniskröfur:

- verður að geta umnið sjálfstætt,
- skipulagshæfileikar,
- reynsla af mannaforráði kostur,
- stundvísir og dugnaður,
- reynsla af lagerstörfum kostur,
- tilensukunnátta skilyrði.
- Lágmarksaldur 25 ár.

Uppl. í s. 587 2010.

VANTAR ÞIG SMIÐI?...

...múrara, pípara, rafvirkja, hugbúnaðarsérfræðinga,
hjúkrunarfræðinga eða aðra starfsmenn?

Höfum fólk á skrá sem óskar eftir mikilli vinnu.

Getur hafið störf nú þegar.

proventus
Traust starfsmannaþjónusta

Sími 661-7000

www.proventus.is sverrir@proventus.is

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Berg á Kjalarnesi óskar eftir að ráða
leikskólakennara og starfólk með aðra menntun og reynslu.

Við leitum að fólki sem hefur ánægju og gleði af að starfa með börnum, er samviskusamt, stundvíst og tilbúið að leggja sitt að mörkum til að skapa ánægjulegt starfsumhverfi. Einkunnarorð leikskólastarfsins eru leikur, gleði og sköpun.

Verið velkomin í heimsókn á Berg eða hafið samband við Valdísi Ósk Jónasdóttur, leikskólastjóra í síma 5666039 eða 6939837. Einnig má senda fyrirspurnir á berg@leikskolar.is

Heimasíða leikskólans er: bergid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is

Hefur þú áhuga á heilbrigðum lífsstíl?

Opnum nýja Útilífsverslun í Holtagörðum í mars n.k. og óskum því eftir að ráða nýja liðsmenn í eftirtalin störf:

Sölufulltrúar í sport-, útivistar-, skó- og reiðhjóladeild

Starfssvið:

Sala og ráðgjöf til viðskiptavina

Tiltekt og áfyllingar í verslun

Afgreiðsla á kassa

Hæfniskröfur:

Áhugi á útvist og/eða íþróttum

Snyrtimennska, samviskusemi, heiðarleiki og stundvísir

Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Reynsla af sölu- og afgreiðslustörfum er kostur

Einnig óskum við eftir að ráða starfsfólk í hlutastörf um helgar og eftirmiðdaga í allar deildir.

Áhugasamir fylli út starfsumsókn á www.utilif.is

Umsjón með ráðningu:

Guðmundur Björnsson – gudmundur@utilif.is

Ingibjörg Sverrisdóttir – ingibjorg@utilif.is

Útilíf er öflugt smásölufyrirtæki á sviði íþrótt- og útivistar. Fyrirtækið rekur í dag þrjár stórglæsilegar verslanir á höfuðborgarsvæðinu, í Glæsibæ, Krínglunni og Smáralind. Í mars munum við opna fjórðu verslunina í Holtagörðum.

Útilíf er gæðafyrirtæki þar sem þjónusta við viðskiptavinum er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á liðsheild í skemmtilegu og eftirsóknarverðu starfsumhverfi þar sem samvinna er lykilatriði.

Hjá Útilíf fá nýir starfsmenn þjálfun til þess að takast á við starf sitt og við veitum þeim grunnþekkingu og fræðslu um vörumerki og deildir fyrirtækisins.

Lykillinn að velgengni í starfi hjá Útilíf eru framúrskarandi þjónustuhæfileikar og góð mannleg samskipti. Við leggjum metnað okkar í að mennta starfsfólk á þessum sviðum og auka ánægju þeirra í starfi. Útilíf er reyklus vinnustaður.

Tvö hundruðasta sýning á Langafa prakkara hjá Möguleikhúsinu

Möguleikhúsið sýnir á morgun tvö hundruðustu sýningu á barnaleikritinu Langafi prakkari í leikskólanum Brákarborg kl. 10.00. Þetta er önnur sýningin á verkefnaskrá Möguleikhússins þetta leikárið sem nær þessum sýningafjölda.

Hin sýningin sem náði þessum sýningafjölda er jóla-leikritið Hvar er Stekkjastaur? sem var sýnt skömmu fyrir jól. Að sögn leikhússins fara flestar sýningar fram í leik- og grunnskólum landsins og eru forsvarsmenn gríðarlega ánægðir með svo góðar móttökur.

Leikritið Langafi prakkari, sem byggt er á sögum Sigrúnar Eldjárn, Langafi drullumallar og Langafi

prakkari, var frumsýnt 14. október 1999 og þá sýnt við miklar vinsældir um þriggja ára skeið. Sýningar voru síðan teknar upp að nýju í janúar á þessu ári og ljóst að vinsældir Langafa og Önnu litlu hafa síst minnkað frá því sem áður var.

Aino Freyja Järvälä og Bjarni Ingvarsson leika þau skötu hjú Önnu og langafa, leikstjóri og höfundur leikgerðar er Pétur Eggerz, búningar eru eftir Katrínu Þorvaldsdóttur og tónlist samdi Vilhjálmur Guðjónsson.

Í leikritinu segir frá lítilli stúlku, Önnu, og langafa hennar. Þótt langafi sé blindur og gamall er hann samt alltaf tilbúinn að taka þátt í

ein hverjum skemmtilegum uppátækjum með Önnu litlu. Hann passar hana alltaf á daginn þegar pabbi hennar og mamma eru í vinnunni og hefur nægan tíma til að sinna henni og þau gera ýmislegt skemmtilegt saman. Þau skoða mann lífið, baka drullukökur, veiða langömmur og fleira. Þetta er enginn venjulegur langafi...

Langafi prakkari er þar með kominn í hóp allra vinsælustu sýninga Möguleikhússins, en sýningar-metið á sýningin um hinar böldnu systur Snúru og Tuðru, en þær sýningar urðu alls 221. Nú er bara að sjá hvort Langafa takist að slá það sýningarmet.



PRAKKARASKAPUR
Langafi hennar Önnu í Möguleikhúsinu er ekkert í líkingu við venjulega langafa.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

35 ÁR FRÁ GOSINU

vakti yfir

sprunguna eftir eygni og vissum ekki hvað beið okkar, myndum við deyja eða bjargast," segir Helga sem hefur staldrað við þennan dag síðastliðin ár og íhugað þá ógn sem Eyjamönnum var búin og þakkað lífgjöfina. „Stærsta kraftaverkið er að enginn fórst. Enda hefði þessi dagur breyst í minningarhátíð en ekki þakkar-gjörðarhátíð ef við hefðum misst einhvern," útskýrir Helga sem segir um þúsund manns hafa búið sér heimili annars staðar eftir goslok. „Ég skil vel þá sem sneru ekki aftur. Það var nógu erfitt fyrir okkur sem héldum heimilunum, að missa nágranna, æskustöðvar og hluta af samfélaginu. Hvað þá þá sem misstu líka heimili sitt. Þá gat alveg eins verið gott að byrja upp á nýtt annars staðar," segir Helga, en margir þeirra sem sneru ekki aftur komu sér fyrir í sjávarplássum, í Garðinum, Grindavík, Keflavík, á Selfossi og í Þorlákshöfn. Helga vinnur að heimildasöfnun um byggðina undir hrauninu og opnar í dag ljósmyndasýningu en auk þess er hægt að glugga inn í hraunið á vefnum byggdin1973.eyjar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingarsendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

"EIN BESTA SKEMMTUNIN Í REYKJAVÍK....." Jón Viðar

Pabbinn



SH/BYLGJAN

UPPSELT Á 90
SÝNINGAR!

SÝNINGAR Í FEBRÚAR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI!

14. FEBRÚAR - FIMMTUDAGUR KL. 20

16. FEBRÚAR - LAUGARDAGUR KL. 20

21. FEBRÚAR - FIMMTUDAGUR KL. 20

23. FEBRÚAR - LAUGARDAGUR KL. 20

28. FEBRÚAR - FIMMTUDAGUR KL. 20

Míðasala Íslensku Óperunnar er opin alla virka daga frá 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Einnig er símasala opin frá kl. 10. Lokað á mánudögum. Auk þess er míðasala á netinu allan sólarhringinn á opera.is. Einnig er hægt að nálgast míða á midi.is Sími míðasölu er 511-4200.

www.pabbinn.is

NBC
A COMPANY

THORSSON
PRODUCTIONS

Rafsuðuvélar

HELVI MIG rafsuðuvélar.
Eins og þriggja fasa.
Hagstætt verð.

ÞÓR HF
REYKJAVÍK · AKUREYRI



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

FRUMSÝND 25.01.08

CLOVERFIELD
EITTHVAÐ SKEFILEGT ER Á SVEIMI

SENDU **JA COF** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, tölvaeikir, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMS LEIÐUR

9 HVER VINNUR!

Tjáðu þig!

Bloggaðu með símanum!
Hvar sem er og hvenær sem er!

Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

BlogCentral.is
Stæsta bloggsmáfélagið á Íslandi

Auglýsingasími
512 50 50

- Mest lesið

STUÐ MILLI STRÍÐA Nýtt illmenni haslar sér völl í íslenskum kvikmyndum

ROALD VIÐAR EYVINDSSON HARMAR ÚTREIÐ BÓKMENNTAFRÆÐINGA



Nýtt illmenni hefur verið kynnt til sögunnar í íslensku kvikmyndagerð. Svo mikill vargur að hann þykir jafnast á við verstu handrukara, morðingja, ofstækisfulla presta og aðra myrkrahöfðingja sem hafa um árabíl hrellt íslenska áhorfendur: Bókmenntafræðingurinn.

Þessi nýjasta viðbót við óaldarlýð hvíta tjaldsins hefur víða skotið upp kolli að undanfögnu og hlotið bágt fyrir. Í sjónvarpsþáttunum Pressu holdgervist hann í fyrrverandi eigimanni söguhetjunnar Láru, drykkfældum bókmenntafræðikennara,

sem kollegi minn sá ástæðu til að kalla fávita í pistli meðan hann dásamaði Láru. Enda full ástæða til þar sem þessi óþverri virðist uppteknari af besefanum á sér en að ala upp blessað barnið sitt, hana vesalings Öldu litlu.

Og talandi um besefa þá er bókmenntaspekúlantinn Jón í Brúðgumanum ekki hótinu skárri. Þeirri mannleysu nægir ekki aðeins að halda framhjá sálsjúkri konunni sinni heldur yfirgefur greið fyrir sér helmingi yngri konu. Og það þótt gagnrýnandi hér á bæ eigi bágt með að skilja hvað stúlkan sú sjái við „bókmenntaþunnildið“ Jón. Sjálfhverfan tappa sem virtist eitt sinn ætla að slá í gegn í bókmenntaheiminum en tekur nú það sem

hendur er næst, eins og gagnrýnandi bendir á. Sem bókmenntafræðingur hlýst ég að velta fyrir mér þessari skrumskældu og vægast sagt ósanngjörnu mynd sem þarna er dregin upp. Af hverju íslenskir kvikmyndagerðarmenn sjá sig knúna til að veitast að stétt sem hefur alið þá við brjóst sér og leiðbeint inn á rétta braut í umfjöllun sinni og gagnrýni. Er tími hefnda kannski runnin upp? Höggin látin dynja á okkur fyrir stjórnurnar sem rötudu ekki í einhverja dóma?

Ég ætla ekki að ganga svo langt að segjast vera sár, en mér er misboðið. Finnst þá nær að búa til mynd um heillandi bókmenntafræðing sem elskar frekar hunda og börn en brennivín og barmstórar meyar.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BONUS BONUS BONUS BONUS

Íslenskt lambakjöt á góðu verði



Frosinn lambabógur

559 KR/KG.

20% AFSLÁTTUR

Merkt verð 699 kr/kg.



Frosið lambalæri

879 KR/KG.

20% AFSLÁTTUR

Merkt verð 1098 kr/kg



Frosið lambafillet

2398 KR/KG.

20% AFSLÁTTUR

Merkt verð 2998 kr/kg



Frosin lambasvið

299 KR/KG.

25% AFSLÁTTUR

Merkt verð 399 kr/kg



**Frosið lambasúpukjöt
1.flokkur**

474 KR/KG.

HER ER ENGINN BITI TEKIN ÚR

Merkt verð 399 kr/kg

BONUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGA 12.00 til 18.30

Sinfónían leggur land undir fót



Kl. 12

Baldvin Esra Einarsson flytur erindið „Undir eigin oki!: Erindi um hugleysi, leti og vana“ í Sólborg, húsnæði Háskólans á Akureyri, í dag kl. 12. Baldvin fjallar um átök sín við B.A.-verkefni frá heimspekiskor Háskóla Íslands. Ferli Baldvins við ritgerðarskrifin var sérstakt þar sem viðfangsefni hans tók stöðugum breytingum.

menning

menning@frettabladid.is

Sinfóníuhljómsveit Íslands gerir víðreist um þessar mundir. Annað kvöld heldur hljómsveitin tónleika á Ísafirði í samstarfi við Háttíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar og aðra vestfirska listamenn. Við sögu koma vestfirsk tónskáld, einsöngvarar og einleikarar.

Langt er um liðið síðan Sinfóníuhljómsveitin heimsótti síðast Vestfirði, en tilefnið að þessu sinni er 60 ára afmæli Tónlistarskóla Ísafjarðar. Með sanni má segja að skólinn sá hafi unnið mikið og gott starf í áramna rás, enda er Ísafjarðarbær vel þekktur fyrir sitt öfluga og frumlega tónlistarlíf.

Það er því vel við hæfi að vestfirskir listamenn verða áberandi á tónleikunum. Píanóleikarinn Anna Áslaug Ragnarsdóttir leikur einleik í píanókonert nr. 2 eftir Chopin, flutt verður ný sinfónietta eftir tónskáldið Jónas Tómasson og Gunnur Ósk Sturludóttir syngur einsöng í Glóriu eftir Francis Poulenc en í

flutningi þess verks tekur einnig þátt hundrað manna hátíðarkór Tónlistarskólans undir stjórn Beötu Joó. Hljómsveitarstjóri á tónleikunum er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir fara fram í íþróttahúsinu Torfnesi og hefjast kl. 20. Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr.

Í heimsókn sinni vestur á firði leikur Sinfóníuhljómsveitin einnig á þrennum skólátónleikum og nær þar með til um 600 barna. Skólátónleikar og fræðslustarf eru snar þáttur í starfi hljómsveitarinnar og það er henni því sönn ánægja að ná fundi skólábarna á norðanverðum Vestfjörðum. Efnisskráin á skólátónleikunum er fjölbreytt en verkin eiga öll sameiginlegt að tengjast veðrinu á einhvern hátt. Dagskránni verður eflaust tekið fagnandi, enda má færa fyrir því rök að vestfirsk börn þekki duttlunga veðurguðanna best íslenskra barna.

- vp



BERNHARÐUR WILKINSON Stjóri Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum á Ísafirði.

ÁST Í samstarfi við Vesturport

25 jan uppselt
30 jan örfá sæti laus
27 febrúar
28 febrúar

SÖNGLEIKJUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Áðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka dag.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Vígaguðinn mið 23/1 forsýn. uppselt
fös 25/1 frumsýn. uppselt. lau 26/1 uppselt

Ívanov fös. 25/1 örfá sæti laus.
lau. 26/1 örfá sæti laus. Takmarkaður sýningafjöldi

Konan áður sun 27/1 örfá sæti laus
Leikstjóraspjall að lokinni sýningu

Skilaboðaskjóðan
sun. 27/1 kl. 14 & 17 örfá sæti laus

Gott kvöld, barnasýning
sun 27/1 kl. 13.30. Fáar sýningar eftir

Mynstur og endurtekning

Sýning á hönnun þeirra Snæfríðar Þorsteins og Sigríðar Sigurjónsdóttur verður opnuð í Gallery Turpentine, Ingólfsstræti 5, á föstudag kl. 18. Sýningin kallast Hlutverk.

Á sýningunni má sjá hluti sem byggjast á mynstrum í atferli, tíma og rúmi. Mynstur sem tíminn skapar, meðvitaðar og ómeðvitaðar endurtekningar og þau frávik sem ávallt einkenna hið mynstraða ferli eru á meðal þess sem haft hefur áhrif á hönnunina.

„Kveikjan að sýningunni voru niðurstöður rannsókna Dr. Magnúsar S. Magnússonar, vísindamanns og forstöðumanns Rannsóknarstofnunar um mannlegt atferli við Háskóla Íslands. Rannsóknir þessar vöktu athygli okkar vegna þess að þær vörpuðu ljósi á að hve miklu leyti hegðun okkar er fyrirfram forrituð og að við fylgjum vissum mynstrum í lífi okkar án þess að gera okkur grein fyrir því. Við notuðumst því við hugmyndina um mynstur og endurtekningu í hönnuninni,“ segir Snæfríð.

Hlutirnir á sýningunni eru af ýmsum toga. Þar má finna hirslur, grafíska hönnun og tímatöl, svo eitthvað sé nefnt. Sem fyrr segir voru mynstur og endurtekningar hafðar að leiðarljósi við hönnun hlutanna, en endurtekningin kemur svo aftur fram í notkun þeirra og því má segja að hönnunin miði að því að koma skipulagi á óreiðu hversdagsins með því að vekja okkur til meðvitundar um mynstrin sem við lifum í.

Það heyrir til undantekninga að almenningi bjóðist að skoða nýja, íslenska hönnun í minni sýningar-rýmum á borð við Gallery Turpentine. „Já, þessi sýning er hálfgerð nýlunda, enda einbeita gallerí sér oftast að myndlist. En hönnun hefur verið að sækja í sig veðrið að und-



ÍSLENSK HÖNNUN Eitt verka Snæfríðar og Sigríðar á sýningunni í Turpentine.

anförunu og er farin að dansa meira á mörkum þess að vera myndlist og hönnun, bæði hérlandis og erlendis, og maetti segja að verkin á þessarrí sýningu væru einmitt þess eðlis. Því verður spennandi að sjá hvaða viðbrögð hún vekur,“ segir Snæfríð.

Þetta er fyrsta eiginlega samstarfsverkefni þeirra Snæfríðar og Sigríðar, en að auki kemur Hildigunnur Gunnarsdóttir samstarfskona þeirra að mörgum verkanna. „Við Sigríður höfum þekkt lengi en höfum ekki áður unnið saman. Við ákváðum þó að fara út í þetta

samstarf þar sem það voru vissar hugmyndir sem okkur langaði að koma frá okkur, en það getur verið erfitt þegar maður er alltaf að vinna fyrir aðra eins og hönnuðastarfið vill gjarnan vera.“ Snæfríð segir samstarfið hafa verið ákaflega skemmtilegt og ekki loku fyrir það skotið að framhald verið þar á. „Þegar maður vinnur að verkefni kvikna óhjákvæmilega nýjar hugmyndir og nýjar útfærslur sem mann langar til þess að þróa frekar. Það getur því vel verið að við höldum áfram með þessa vinnu.“

vigdis@frettabladid.is

EF ÞÚ LUMAR Á GÓÐU LAGI, HVORT SEM ÞÚ ERT 14 EÐA 54 ÁRA, FRÆG/UR EÐA EKKI ÞÁ VILJUM VIÐ HEYRA FRÁ ÞÉR.

PÖNKLÖG ÓSKAST Í ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið, í samstarfi við Rás 2, lýsir eftir tveimur nýjum pönklögum fyrir söngleikinn Ástin er diskó – lífið er pönk eftir Hallgrím Helgason. Verkið verður frumsýnt á Stóra sviðinu í apríl. Leikstjóri er Gunnar Helgason en tónlistarstjóri Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

Þegar er búið að semja textana og er þá að finna á www.leikhusid.is og www.ruv.is ásamt öllum nánari upplýsingum. Lögnum þarf að skila fyrir 31. janúar.

EF ÞÚ LUMAR Á GÓÐU LAGI, HVORT SEM ÞÚ ERT 14 EÐA 54 ÁRA, FRÆG/UR EÐA EKKI ÞÁ VILJUM VIÐ HEYRA FRÁ ÞÉR.

RÁS **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

Útsýni tekið til sýninga

Áhugaleikhópurinn Hugleikur frumsýndi leikritið Útsýni eftir Júlíu Hannam um síðustu helgi. Útsýni er fyrsta leikrit Júlíu í fullri lengd, en hún hefur áður skrifað einþátunga.

Útsýni gerist á heimili hjónanna Björns og Svövu með árs millibili þegar þau taka á móti vinahjónum sínum, Hlyni og Elínu. Í verkinu er fylgst með þeim umskiptum sem verða í lífi persónanna fjögurra, bæði vegna breytinga á félagslegri stöðu sem og í innbyrðis samskiptum. Verkið fjallar um þanþol vináttu, hjónabandstraust og ófundskýki. Leikstjórar verksins eru Rúnar Lund og Silja Björk Huldudóttir, en þau hafa bæði starfað með leikfélaginu í yfir tuttugu ár. Fyrirhugað er að leikritið verði sýnt út febrúarmánuð í Möguleikhúsinu við Hlemm.

- vp

Físlétt kaup

Engin útborgun. Lægra verð.*
Aðeins 66 bílar í 3 daga.
Komdu strax.

Opið kl. 9-18



19.409 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Engin útborgun - afborgun
undir 22.000 kr. á mánn.



15.623 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Citroën Picasso Excl. 2,0 ssk. skrd. 11/2003 ek: 81.000 km.
Verð 1.280.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
15.623 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PH060.

Engin útborgun - afborgun
22.000 - 34.000 kr. á mánn.



24.245 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Nissan Note 1,6 ssk. skrd. 06/2006 ek: 15.000 km.
Verð 1.790.000 kr. Tilboðsverð 1.650.000 kr. Engin útborgun.
24.245 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OV935.



Citroën Xsara Picasso 2,0 ssk. skrd. 12/2003 ek: 71.000 km.
Verð 1.280.000 kr. Tilboðsverð 1.160.000 kr. Engin útborgun.
19.409 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SJ886.

Engin útborgun - afborgun
34.000 - 46.000 kr. á mánn.



35.163 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Hyundai Tucson 2,7 ssk. skrd. 12/2005 ek: 23.000 km.
Verð 2.590.000 kr. Tilboðsverð 2.390.000 kr. Engin útborgun.
35.163 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RX556.

Engin útborgun - afborgun
yfir 46.000 kr. á mánn.



52.427 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Expedition Limited 5,4 ssk. skrd. 05/2005 ek: 49.000 km.
Verð 3.890.000 kr. Tilboðsverð 3.590.000 kr. Engin útborgun.
52.427 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. YL883.



18.884 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

VW Golf Comfort 1,8 bsk. skrd. 07/2000 ek: 109.000 km.
Verð 710.000 kr. Tilboðsverð 610.000 kr. Engin útborgun.
18.884 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. BR318.



25.799 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Focus Trend 1,6 ssk. skrd. 05/2006 ek: 16.000 km.
Verð 1.890.000 kr. Tilboðsverð 1.750.000 kr. Engin útborgun.
25.799 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DA616.



19.079 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Renault Laguna II Br. 1,8 ssk. skrd. 12/2002 ek: 49.000 km.
Verð 1.390.000 kr. Tilboðsverð 790.000 kr. Engin útborgun.
15.623 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. PD618.



30.941 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 60 mánuði.

Hyundai Santa Fe 2,7 ssk. skrd. 01/2003 ek: 75.000 km.
Verð 1.850.000 kr. Tilboðsverð 1.590.000 kr. Engin útborgun.
30.941 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. BA357.



39.376 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Escape Limited 3,0 ssk. skrd. 10/2006 ek: 19.000 km.
Verð 3.280.000 kr. Tilboðsverð 2.890.000 kr. Engin útborgun.
39.376 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. VT924.



55.333 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Explorer Limited 4,6 ssk. skrd. 05/2006 ek: 27.000 km.
Verð 4.050.000 kr. Tilboðsverð 3.790.000 kr. Engin útborgun.
55.333 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NL226



21.368 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 36 mánuði.

Ford Focus High Series 1,6 bsk. skrd. 03/2001 ek: 103.000 km.
Verð 790.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Engin útborgun.
21.368 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. VN715.



33.276 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 72 mánuði.

Nissan X-Trail Elegance 2,0 ssk. skrd. 07/2004 ek: 41.000 km.
Verð 2.150.000 kr. Tilboðsverð 1.990.000 kr. Engin útborgun.
33.276 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. YZ900.



45.469 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Ford Expedition Limited 5,4 ssk. skrd. 01/2005 ek: 81.000 km.
Verð 3.550.000 kr. Tilboðsverð 3.090.000 kr. Engin útborgun.
45.469 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. L1444.



75.778 kr. á mánn.
Meðalgreiðsla í 84 mánuði.

Volvo XC90 2,5 ssk. skrd. 10/2006 ek: 22.000 km.
Verð 5.590.000 kr. Tilboðsverð 5.190.000 kr. Engin útborgun.
75.778 kr. á mánn. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. OJ904.

Nýttu þér
tilboðin
Tökum notaðan
uppí notaðan

Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.notadir.brimborg.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

> VISSIR PÚ?

Stærsti auglýsingasamningurinn sem gerður hefur verið í tengslum við kvikmynd var þegar George Lucas, leikstjóri Star Wars-þrífleiksins, gerði um 130 milljarða samning við Pepsi um að fyrirtækið yrði það eina í heiminum sem mætti nota persónur myndarinnar í auglýsingaskyni.



fólk

folk@frettabladid.is

Lærir ensku með íslenskum hreim

„Hún er þegar farin að búa sig undir þetta hlutverk, hún þarf að æfa sig fyrir kokkinn og fyrir enskuna með íslenska hreimnum,“ segir Leifur B. Dagfinnsson, framleiðandi hjá True North, en Óskarsverðlaunaleikkonan Jennifer Connelly ætlar að standa við gefin loforð og leika í kvikmyndinni A Journey Home eða Slóð fiðrildanna sem byggð er á samnefndri skáldsögu Ólafs Jóhanns Ólafssonar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hafa átt sér stað töluverðar væringar með kvikmyndina sem verður meðal annars framleidd af Steven Haft, þeim og hinum sama og framleiddi Dead Poet

Society. Í fyrstu var Jón Þór Hannesson, fyrrverandi eigandi Saga Film, innsti koppur í búi og tókst meðal annars að fá Liv Ullmann til að leikstýra kvikmyndinni. Í kjölfarið tókust síðan samningar við Jennifer Connelly og eiginmann hennar, Paul Bettany, um að leika í myndinni. En varla var bleikið þornað á blaðinu þegar breistir komu í samstarfið við Ullman sökum handritsskrifanna og hún sagði sig frá verkinu. Baltasar Kormákur og

STENDUR VIÐ GEFIN LOFORÐ Jennifer Connelly ætlar að leika í kvikmyndinni Slóð fiðrildanna sem gerð verður eftir bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar.



fyrirtæki hans Sögn ehf. tóku þá við keflinu og danski verðlaunaleikstjórinn Bille August kom inn í myndina. Baltasar áframseldi það síðan til framleiðslufyrirtækisins True North.

Vegna þessara breytinga var ekki víst að Jennifer myndi taka að sér hlutverkið en nú hefur það fengist staðfest. Og Leifur segir að mikill gangur sé í gerð myndarinnar um þessar mundir og framleiðendur séu nú á lokastigi við að semja við stóran bandarískan dreifingaraðila. Hann reiknaði með því að farið yrði af stað í tókur um miðjan apríl hér á Íslandi en þeir hefðu einnig verið að leita að hentugum tókustöðum bæði í Þýskalandi og á Bretlandi. Þá segir Leifur að þeir séu einnig að skoða tvo aðra þekkta leikara til að vera með Connelly í myndinni og að þeir samningar séu á lokametrunum. - fgg

Brúðgumanum blöskrar borgarstjórinn

Undirskriftalisti, þar sem því er mótmælt að nýr meirihluti í borginni hafi tekið völdin með Ólaf F. Magnússon sem borgarstjóra, fór sem eldur í sinu um netið í gær.

Á stuttum tíma safnaðist fjöldi undirskrifta á síðunni Petitiononline.com/nogbodid. Óvenju lítið bar á hefðbundnum fiðlaskap á listanum en slíkir undirskriftalistar eru háðir því að þar getur hver sem er sett hvaða nafn inn sem er. Þannig er Wesley Snipes skrifaður á lista og segir „My friend Aron Pálmi told me about this takeover.“ Og Davíð Oddsson og Dagur B. Eggertsson eru að sjálf-sögðu þarna einnig. En skrípalætin og brandarakarlarnir eru ekki áberandi. Og á listanum má finna fjölmörg kunnugleg nöfn (með

hefðbundnum fyrirvörum um falsanir á undirskriftalistum). Listafólk er áberandi á listanum og þannig er nánast allur leikhópurinn sem stendur að Brúðgumanum á lista. Hér eru nokkur nöfn af listanum en þegar þetta er skrifað voru búin að skrá sig vel á þriðja þúsund og tikkadi vel inn þá. Ljóst má vera að fólk er misboðið miðað við athugasemdir sem falla víða með nöfnunum:

Ilmur Kristjánsdóttir leikkona (fyrst á lista ásamt Lísu Kristjánsdóttur), Hilmir Snær Guðnason leikari, Margrét Vilhjámsdóttir leikkona, Laufey Elíasdóttir leikkona, Ólafur Egilsson leikari, Olga Guðrún Árnadóttir rithöfundur, Elísabet Guðrún Ronaldsdóttir kvikmyndagerðarkona, Ásdís Thoróðsen leikstjóri, Hallgrímur Helgason rithöfundur (sem hvetur alla til að mæta á borgarstjórnarfund á fimmtudag), Drífa Snædal fram-



BRÚÐGUMANUM ER NÓG BOÐIÐ Flestir í leikhópnum mótmæla harðlega nýjum borgarstjóra.

kvæmdastjóri, Sverrir Jakobsson sagnfræðingur, Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur, Felix

Bergsson leikari, Hörður Bergmann fræðimaður, Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður, María

Reynisdóttir leikstjóri, Vilhjálmur Goði tónlistarmaður, Ragnar Bragason leikstjóri, Friðrik Weisshappel athafnamaður, Eldar Ástþórsson kynningarstjóri, Lísu Pálsdóttir útvarpskona, Kári Sturluson umboðsmaður, Hilmar Jensson tónlistarmaður, Illugi Jökulsson ritstjóri, Kolfína Baldvinsdóttir dagskrárgerðarkona, Dagur Kári Pétursson leikstjóri, Sigurjón Kjartansson grínari, Snorri Helgason tónlistarmaður, Sverrir Þór Sverrisson skemmtikraftur, Bragi Ólafsson rithöfundur, Jón Sæmundur listamaður, Lárus Ýmir Óskarsson leikstjóri, Tryggvi Hübner tónlistarmaður, Stefán Már Magnússon tónlistarmaður, Finnur Þór Vilhjálmsson lögmaður, Gauti Eggertsson, Jón Kalman Stefánsson rithöfundur, Mördur Árnason stjórnálammaður og Huldar Breiðfjörð rithöfundur.

LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bíland B&L** og kynntu þér kostina



RANGE ROVER SPORT SUPERCHARGED

Nýskr: 10/2005, 4200cc, 400 hestöfl, 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 18.000 þ.
Verð kr. 8.500.000



LAND ROVER DISCOVERY 3 DIESEL

Nýskr: 11/2005, 2700cc, 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 19.000 þ.
Verð kr. 5.600.000



BMW 325i Coupe

Nýskr: 08/2007, 2500cc
2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 2.757 þ.
Verð kr. 6.390.000



RANGE ROVER SPORT DIESEL

Nýskr: 03/2006, 2700cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 0 þ.
Verð kr. 7.300.000



bilalands.is
575 1230

Opíð virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bíland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilalands.is.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2008

Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa **um 36.500 nemendur** sótt tölvumenntun sína til skólans á tæpum 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

Kennslugreinar:

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

Lengd: 72 stnd./48 klst. **Verð:** 59.900

Kennt má./mi. 16:15-19:15 og hefst 23. jan.

Visual C# forritun



Hnitmiðað og yfirgripsmikið diplómnam ætlað þeim sem vilja læra forritun með Visual C# .NET frá Microsoft.

Námið spannar flesta þætti hins vinsæla forritunarmáls C# .NET og er góður grunnur að MCP prófgráðu, frekara námi í forritun eða starfsframa við forritun.

Krafist er góðrar ástundunar í náminu og góðrar þekkingar á hugbúnaði og tölvum til þess að þátttakandinn nái árangri.

Frábær kennari með langa reynslu af forritun og kennslu.

Láttu drauminn rætast, lærðu að forrita.

Lengd: 94 stundir/63 klst.

Verð: 139.900, þægileg greiðslukjör

Kennt er þri./fim. kl. 19:30-22:30. Námið hefst 31. janúar.

Vefhönnun og myndvinnsla



Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennt er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15

Verð: 99.900

Kennt þr./fi. 16:15-19:15 og hefst 24. jan.

Verkefnastjórnun



Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná þannig hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

► Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlaða og stjórnun verkefna.

Lengd: 54 stundir/36 klst. **Verð:** 89.900

Kennt er á föstudagsmorgnum kl. 9:00-12:00 og hefst námið 1. febrúar.

Skrifstofubraut



Við bjóðum þér tvær frábærar námsleiðir á skrifstofubraut sem skila þér nauðsynlegri þekkingu til þess að takast á við ný og spennandi verkefni á skrifstofu og í rekstri.

► Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. **Verð:** 159.900

► Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Lengd: 300 stundir/200 klst. **Verð:** 229.900

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 23. jan. og morgunnám 9:00-12:00 hefst 26. febrúar.

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa óðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennt er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýttist þátttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 90 stnd./60 klukkust. **Verð:** 79.900.

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 30. jan. og morgunnám 9:00-12:00 hefst 26. febrúar.

Hagnýtt bókhald



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúinir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjör og margt fleira

Lengd: 94 stnd./63 klst. **Verð:** 99.900 staðgr.

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 23. janúar, kvöldnám 19:30-22:30 hefst 27. febrúar, morgunnám 9:00-12:00 hefst 26. mars.

Tölvuþekking fyrir konur



Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:

- Tölvunotkun og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.

Lengd: 60 st./40 klst. **Verð:** 47.900

Kvöldnám 19:30-22:30 hefst 30. janúar og morgunnám 9:00-12:00 hefst 24. janúar.

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!



Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

www.tv.is

PURSAR & CAPUT

Á DEGI ÞORRAÞRÆLS 23. FEBRÚAR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI



Pursaflokkurinn

Ásgeir Óskarsson - trommur og slagverk
Egill Ólafsson - söngur og hljómborð
Eyþór Gunnarsson - hljómborð
Rúnar H. Vilbergsson - hljómborð
Tómas Magnús Tómasson - bassi
Þórður Árnason - gítar

Caput

Ármann Helgason - klarínnett
Brjánn Ingason - fagott
Eggert Pálsson - slagverk/pákur
Einar St Jónsson - trompet
Eiríkur Örn Pálsson - trompet
Emil Friðfinnsson - horn
Eydís Franzdóttir - óbó
Guðmundur Kristmundsson - viola

Hávarður Tryggvason - bassi
Hildigunnur Halldórsdóttir - fiðla
Jóel Pálsson - saxafónn
Kjartan Guðnason - slagverk
Kolbeinn Bjarnason - flauta
Rúnar Óskarsson - bassaklarínnett
Rúnar Vilbergsson - fagott
Sif Tulinius - fiðla

Sigurður Bjarki Gunnarsson - cello
Sigurður Flosason - saxafónn/flauta
Sigurður Þorbergsson - básúna
Tim Buzbee - túba
Þorkell Jóelsson - horn

Stjórnandi: Guðni Franzson

**Aðeins þessir einu tónleikar
enda einstæður viðburður - vertu með!**

**Nú styttist
í tónleikana!**



Allar plötur Pursaflokksins
væntanlegar innan skamms
í viðhafnarbúningi ásamt aukaeefni

Tilurð og tónsmíðar Pursanna

Námskeið ásamt tónleikamiða hjá
Endurmenntun HÍ. Sjá www.endurmenntun.is

*(Et kraftigt tegn, misbrug det ikke!)



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar

Forsala aðgöngumiða á
www.midi.is
verslunum Skífunnar,
BT Akureyri, Egilsstöðum,
Selfossi og Akranesi



> Magnús Páll áfram með Blikunum

Markahrókurinn Magnús Páll Gunnarsson samdi áfram við uppeldisfélag sitt Breiðablik til tveggja ára í gær. „Þetta hefur tekið sinn tíma þar sem það voru nokkrir möguleikar í stöðunni, hérlendis og erlendis. Breiðablik var samt alltaf fyrsti valkostur hér heima og ég tel að liðið hafi alla burði til þess að blanda sér í toppbaráttuna næsta sumar. Tilkoma Marels Baldvínssonar til Breiðablíks er mikið fagnaðarefni og ég vonast til þess að fá tækifæri til að spila með honum í framlinunni eins og við gerðum í yngri flokkum félagsins,” sagði Magnús Páll í samtali við Fréttablaðið í gær.

sport
sport@frettabladid.is



ALFREÐ GÍSLASON: SEGIR ÓAFSAKANLEGT HVERNIG ÍSLAND BYRJADI Í GÆR

Við gáfum Þjóðverjum leikinn

Alfred Gíslason landsliðsþjálfari átti engar skýringar á því af hverju íslenska liðið hefði mætt svona hrikalega illa stemmt til leiksins gegn Þjóðverjum í gær. „Byrjunin fer með okkur og ég á enga skýringu á því af hverju við byrjum svona. Við ætlum að vera grimmir og berjast á Þjóðverjunum. Svo standa menn eins og grónir við gólflið og láta labba fram hjá sér. Þetta er algjörlega óafsakanlegt því við hreinlega gefum þeim leikinn,” sagði Alfred sem var jafn óánægður með sóknarleikinn. „Hann var allt af hægtum á þessum tíma. Svo spilum við hraðar og betur eftir því sem liður á. Komumst í draumastöðu tveim mörkum undir með boltann en þá köstum við þessu frá okkur sem var grátlegt því Þjóðverjarnir voru að fara á taugum.

Þetta var sorglegur andskoti. Það var erfitt að keyra meira og minna á öllu liðinu og þeir Gaui og Óli geta ekki gert allt,” sagði Alfred hundsvektur enda nær hann ekki markmiði sínu að komast í undanúrslit. „Ungverjaleikurinn snýst um heiðurinn og til hvers menn eru eiginlega í þessu. Okkar stærsti möguleiki á sigri er í þeim leik enda finnst mér Spánverjarnir vera miklu sterkari en Þjóðverjarnir,” sagði Alfred sem lék annars á als oddi á blaðamannafundinum eftir leik. Það gleymdist að fá þýskan túlk og Alfred tók því að sér að þýða fyrir Heiner Brand, þjálfara Þjóðverja, við mikla kátínu fjölmiðlamanna. Íslendingar mæta Ungverjum í kvöld og hefist leikurinn klukkan 19.15.



HAM
Verð á mann í tvíbýli frá

49.300 KR.

WEST
SPORTSMOUTH
4.-6. APRÍL

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmarginir leikir framundan, s.s. á móti Derby, Newcastle og Aston Villa.

+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir



Martröðin endalaus

EM er að snúast upp í martröð fyrir handboltalandsliðið sem tapaði aftur stórt í gær. Nú gegn Þjóðverjum. Liðið nær þar með ekki markmiðum sínum.

HANDBOLTI Skelfilegur upphafskaflinn gegn heimsmesturum Þjóðverja í gær reyndist íslenska landsliðinu dýrkeyptur. Þó svo að strákarnir hafi náð að vinna sig aftur inn í leikinn vantaði bensín og markvörslu til þess að fara alla leið og vinna leikinn sem tapaðist með átta mörkum, 27-35.

Íslenska liðið byrjaði leikinn í gær hreint hræðilega. Það gekk hvorki né rak í sóknarleikum sem var hreinlega neyðarlegur. Þegar átta mínútur voru liðnar af leikum tók Alfred leikhlé í stöðunni 0-6. Fyrsta íslenska markmið kom ekki fyrr en eftir tæpar tíu mínútur er Guðjón Valur minnkandi muninn í 1-6. Varnarleikurinn var slakur og skyttur Þjóðverja fengu að skjóta óareittar.

Það lak gjörsamlega allt inn hjá Þjóðverjunum og íslensku markverðirnir voru nær meðvitundarlausir og vörðu ekki skot fyrr en eftir fimmtán mínútur en Þjóðverjar náðu mest níu marka forystu í hálfleikum. Það hjálpaði heldur ekki til að norsku dómarnir voru mjög hlíðhollir þýska liðinu.

Alfred skipti mikið inn af



EM Í NOREGI

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifar frá Þrándheimi
henry@frettabladid.is

Ólafur Stefánsson lék á ný og var markahæstur í íslenska liðinu með 8 mörk: Eins og 5. flokks strákar í byrjun

HANDBOLTI „Það var grátlegt að byrja leikinn eins og einhverjir 5. flokks strákar. Það var algjör skandall og á ekki að gerast hjá svona reyndu liði,” sagði fyrirlíðinn Ólafur Stefánsson sem kom aftur inn í liðið og átti fínaleik. „Fyrstu fimmtán mínúturnar í seinni hálfleik voru mjög jákvæðar og við verðum að byggja á því



í næstu leikjum. Nú verðum við að stefna á að komast á undankeppi Ólympíuleikanna. Takmarkið er núna að sýna að við getum spilað handbolta en við höfum gert lítið af því í þessu móti.“

ÁTTA MÖRK Ólafur Stefánsson lék á ný leik eftir meiðslin. FRÉTTAÐLAÐIÐ/PIJETUR

PRUMUSKOT Guðjón Valur Sigurðsson lék nær allan leikinn fyrir utan og stóð sig mjög vel. Hér lætur hann vaða á markmiði.

FRÉTTAÐLAÐIÐ/PIJETUR

bekknun allan hálfleikinn og sóknarleikurinn gekk þokkalega síðari hluta hálfleiksins og það má þakka Guðjóni Val sem spilaði frábærlega í skyttastöðunni.

Lokakaflinn hálfleiksins var fínn en þá varði Birkir nokkra bolta, strákarnir fengu hraðauppþlaup og skorðu fjögur stöðustu mörk hálfleiksins. Fyrir vikið var Ísland inni í leiknum í hálfleik en Þjóðverjar leiddu með fimm mörkum, 12-17.

Íslenska liðið mætti grimmt til síðari hálfleiksins og hélt áfram að saxa á forskot Þjóðverja. Þegar tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik var munurinn aðeins tvö mörk, 20-22, og Þjóðverjar að brotna. Þá hrundi leikur íslenska

liðsins eins og spilaborg, menn fóru að gera klaufamistöð og Þjóðverjar stungu af á ný og litu aldrei til baka.

Grátleg niðurstaða eftir að strákarnir höfðu unnið sig frábærlega inn í leikinn. Það reyndist liðinu aftur á móti allt of dýrkeypt að hafa hreinlega ekki mætt til leiks í upphafi.

Markmið liðsins munu ekki nást og þessi keppni er að snúast upp í hreina martröð fyrir liðið þar sem hver skellurinn rekur annan.

Innkoma Ólafs var góð, Guðjón lék vel lengstum rétt eins og Vignir og Alex. Framlag vantaði sárlega frá fleiri leikmönnum sem brugðust á örlagastundu.

ÚRSLITIN Í GÆR

Evrópumótið í handbolta:

Milliriðill I.	
Slóvenía-Svartfjallaland	31-29
Kroatía-Danmörk	20-30
Pólland-Noregur	24-24
Stígin: Noregur 5 stig, Danmörk 4, Kroatía 4, Pólland 3, Slóvenía 2, Svartfjallaland 0	
Milliriðill II.	
Ísland-Þýskaland	27-35 (12-17)
Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 8/4 (12/4), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (13), Alexander Petersson 4 (5), Vignir Svavarsson 4 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (5), Hannes Jón Jónsson 1 (2), Einar Hólmgeirsson 1 (4), Logi Geirsson 1 (2), Bjarni Fritzzson (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson (1).	
Varnir skot: Birkir Ívar Guðmundsson 8 (28/1) 28%, Hreiðar Guðmundsson 3 (18/1) 16%.	
Hraðauppþlaup: 4 (Vignir 2, Alexander, Ólafur)	
Fiskuð víti: 4 (Guðjón 3, Ólafur).	
Útan vallar: 8 mínútur.	
Mörk Þjóðverja (skot): Holger Glandorf 9 (12), Florian Kehrmann 7 (9), Pascal Hens 5 (9), Sebastian Preiss 4 (5), Markus Baur 3/2 (4/2), Dominik Klein 2 (2), Christian Zeitz 2 (4), Torsten Jansen 2 (4), Andrej Klimowets 2 (2).	
Varnir skot: Johannes Bitter 9 (27/3) 33%, Hennig Fritz 6 (15/1) 40%.	
Hraðauppþlaup: 9 (Kehrmann 3, Klein 2, Hens 2, Jansen, Preiss).	
Fiskuð víti: 2 (Kehrmann, Preiss).	
Útan vallar: 8 mínútur.	
Spánn-Frakkland	27-28
Ungverjaland-Svíþjóð	27-27
Stígin: Frakkland 6 stig, Þýskaland 4, Ungverjaland 3, Svíþjóð 3, Spánn 2, Ísland 0.	

Enska deildarbikarinn:

Tottenham-Arsenal	5-1
1-0 Jermaine Jenas (3.), 2-0 Sjálfsmark (27.), 3-0 Robbie Keane (49.), 4-0 Aaron Lennon (60.), 4-1 Emmanuel Adebayor (70.), 5-1 Steed Malbranque (90.).	
Tottenham komst í úrslitaleikinn 6-2 samanlagt. Everton og Chelsea mættast í kvöld.	

Snorri Steinn Guðjónsson:

Spilum illa

HANDBOLTI „Það sama gerist í þessum leik og hinum. Auðvitað kostaði mikinn kraft að vinna forskotið upp en við sýndum þó karakter á þeim kafla og sóknin var loksins að spila af eðlilegru getu en á meðan við erum svona köflótir vinnum við ekki neitt,” sagði Snorri sem er eðlilega ósáttur við gengi liðsins á mótinu. „Við erum búnir að spila illa og það er ekki hægt að fela það. Við erum langt frá því að vera ánægðir með okkar frammiðstöðu.“ - **hbg**

SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM EM Í HANDBOLTA

Eitt og annað jákvætt í leik liðsins



Þær voru dýrkeyptar upphafsminúturnar í leik Íslands og Þýskalands á EM í Noregi í gær, því þegar upp er staðið má segja að þær hafi reynst okkar banabiti.

Þjóðverjarnir byrjuðu leikinn af krafti á meðan við komum illa stemmdir til leiks og áður en menn vissu af var staðan orðin 0-6 og strax á brattann að sækja. Leikmenn virtust gjörsamlega slegnir út af laginu og Þjóðverjar héldu áfram að auka við forskot sitt. En þegar um 7 mín. voru eftir af fyrri hálfleik var eins og menn áttuðu sig á að neðar yrði ekki sokkið og smátt

og smátt fóru menn að vakna til lífsins. Tók þá við tuttugu mínútna kafla þar sem liðinu tókst með mikilli seiglu að komast inn í leikinn að nýju og minnka muninn í aðeins tvö mörk. En því miður tókst okkur ekki að komast nær Þjóðverjum og niðurstaðan 8 marka tap.

Í sjálfu sér ekki mikið um það að segja. Úrslit sem kannski flestir áttu von á og líklega liðið sömuleiðis, miðað við hvernig það kom stemmt til leiks.

Frammistáða leikmanna var misjöfn eins og gengur og gerist. Það var auðvitað virkilega gaman að fá Óla aftur inn í liðið

og hann sýndi það svo sannarlega að hann er ókrýndur konungur þessa liðs. Vignir stóð sig virkilega vel og kom sterkur inn í leikinn og skilaði sínu hlutverki með sóma. Guðjón var vinnusamur og skilaði sínu og Alex sömuleiðis og sýndi að hann getur vel klárað tvær stöður svo ekki sé talað um hve öflugur hann er sem varnarmaður. Öðrum gekk misvel og markverðirnir vörðu ekki nema 10 skot samtals sem er auðvitað allt of lítið gegn jafn erfiðum mótherjum og Þjóðverjar eru. Þó leikurinn hafi tapast var eitt og annað jákvætt í leik

liðsins og fyrrnefndar tuttugu mínútur lofa góðu varðandi framhaldið og sýna að liðið á meira inni.

Við getum samt sem áður spurt okkur að því hvort fyrrnefndur kafla hafi náðst og við komist inn í leikinn að nýju vegna okkar eigin ágætis eða hvort Þjóðverjarnir hafi slakað full mikið á í ljósi þess hver staðan var orðin. Líklega er um hvort tveggja að ræða en þetta sýnir þó, að það eru ákveðin batamerki á leik liðsins sem vonandi duga til þess að við náum að leggja Ungverja að velli.

ÚTRISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

SÍÐUSTU DAGAR

BROT AF PVÍ BESTA

Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn,
hárblásarar og fleira frá kr. 995

PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði

KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslætti

Pottar og pönnur frá Bialetti og Tefal með 30% afslætti
Panasonic RYKSUGA – Verð áður kr. 6.995 – Verð nú kr. 4.995
Philips keramik SLÉTTUJÁRN – Verð áður kr. 4.995 – Verð nú kr. 2.995
220 lítra FRYSTIKISTA – Verð áður kr. 36.995 – Verð nú kr. 26.995

Útlitsgallaðar vörur
með miklum afslætti

ÚTSÖLULOK LAUGARDAG

 **Heimilistæki**
www.ht.is

REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS
SUDURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARDARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700

CASIO | Lenco | NAD | KENWOOD | PHILIPS | Panasonic | UNITED | BEKO | DeLonghi | elna | exdo
ide line | Melissa | TecnoWind | Bauknecht | Bompani | OBH | NORDICA | Indesit | VESTFRÖST | Whirlpool

> Milla Jovovich

Milla Jovovich kann margt annað en bara að leika í kvikmyndum. Hún talar mörg tungumál, þar á meðal rússnensku, frönsku, ensku og serbnesku. Hún ólst upp hjá einstæðri móður sinni í Los Angeles á meðan faðir hennar eyddi sjö árum bak við lás og slá. Hún leikur í bíómyndinni *You Stupid Man* sem er sýnd á Stöð 2 bíó kl. 18 í kvöld



dagskra



VIÐ TÆKIÐ GRÍPUR AUMINGJAHROLLUR PÁL BALDVIN BALDVINSSON Tilkynningar um liðna dagskrárliði

Þið kannist við málið. Eva María var með spjallþátt snemma kvölds og þegar langt er liðið á kvöldið og þáttur hennar löngu búinn taka að birtast stiklur þar sem þátturinn er kynntur, meira að segja einu sinni tvisvar - í röð. Þetta er ekki Evu greyinu að kenna sem vill nú líta vel út á skjánum og vera alltaf brosmild og hress með sín stóru augu, nei það er einhver slugsari í kynningardeildinni sem hefur ekki áttað sig á að í endursýningu á Silfri Egils er allt fullt af kynningum um hvað komi síðar á dagskrá sunnudagsins. Varar sig því ekki á tuggunni sem hann býður upp á. Svo er líka verið að spara: öll kakan með Silfrinu og kynningum og millilógum er sett saman í heilu lagi og endursýnd þannig.

Þetta er kjánalegt, skaðar engan en ætti ekki að gerast hjá fyrirtæki sem hefur jafn langa sögu: þetta er svipað og að skella inn jarðarfarartilkynningu um útför sem er afstaðin.

Einstakt tilvik? Ónei - á öllum stöðvum er áhorfendum misboðið með vinnubrögðum af þessu

tagi - dagskrárliðir eru kynntir sem er ef til vill nýlokið. „Í kvöld er þátturinn um Jón og Gunnu,“ segir þulur glaðbeittur: Já, góði, við vorum að horfa á hann, hugsar kúnninn í sófanum.



Treilerar eins og kynningarstiklur eru kallaðar eru vandmeðfarið efni og fylla dagskrána þegar auglýsingaheimildirnar hafa ofmetið framboð sitt af dauðum tíma í sjónvarpsdagskránni sem auglýsingamínúturnar eru. Sölumenn þessa dauða tíma hafa aldrei haft löngun til að koma upp forða af fylliefni sem varðar almannaheill sem þeir geta gripið til þá slaki myndast í dagskrá.

Eins og alltaf er þetta dæmi spurning um hvaða metnað menn hafa í vinnunni sinni og hvort þeir hafa þrek til að laga það sem er til vansa.

SJÓNVARP Eva María margkynnt eftir að þætti hennar var löngu lokið - alltaf jafn fersk - ný úr dósinni.

EKKI MISSA AF



19.00 Hollyoaks SIRKUS



19.05 Ísland - Ungverjaland SJÓNVARPIÐ



20.00 Less Than Perfect SKJÁREINN



20.00 Alfie STÖÐ 2 BÍÓ



22.35 Oprah STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

- 15.15 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Spánverja og Svía í milliriðli.
- 16.45 EM-stofan** Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta.
- 17.15 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Þjóðverja og Frakka í milliriðli.
- 17.20 Tákn málsfréttir**
- 18.54 Vínkjalóttó**
- 19.00 Fréttayfirlit**
- 19.05 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Ungverja í milliriðli.
- 21.00 Fréttir** Í tilefni af því að 35 ár eru liðin frá því að gosið í Heimaey hófst verða Fréttir og Kastljós send út frá Eyjum í kvöld.
- 21.30 Veður**
- 21.35 Kastljós**
- 22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Helgi Jóhannesson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavari.
- 23.10 Sjanghaí-brúður** (Shanghai Bride) Kanadísk mynd um hjónabandsmarkaðinn í Sjanghaí þar sem einhleypir karlar eru tveir á hverja konu.
- 00.05 Kastljós Endursýndur þáttur.**
- 00.55 EM í handbolta** Endursýndur leikur Íslendinga og Ungverja í milliriðli.
- 02.25 Dagskrárlök**

STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Alfie**
- 08.00 Virginia's Run**
- 10.00 Just For Kicks**
- 12.00 You Stupid Man**
- 14.00 Virginia's Run**
- 16.00 Just For Kicks**
- 18.00 You Stupid Man**
- 20.00 Alfie** Rómantísk gamanmynd með hjartaknúsanum Jude Law í aðalhlutverki
- 22.00 Les Miserables**
- 02.00 Suspect Zero**
- 04.00 Les Miserables**

SÝN

- 07.00 Stubbarnir**
- 07.25 Tommi og Jenni**
- 07.50 Kalli kanína og félagar**
- 08.00 Kalli kanína og félagar**
- 08.05 Kalli kanína og félagar**
- 08.10 Oprah**
- 08.50 Í finu formi**
- 09.05 The Bold and the Beautiful**
- 09.25 Wings of Love (108:120)**
- 10.10 Homefront (17:18) (e)**
- 10.55 Freddie (17:22)**
- 11.25 Örlagadagurinn (7:30)**
- 12.00 Hádegisfréttir**
- 12.45 Nágrannar**
- 13.10 Extreme Makeover: Home Edition (6:32)**
- 13.55 Las Vegas (13:17)**
- 14.45 Til Death (3:22)**
- 15.10 Grey's Anatomy (1:9)**
- 15.55 A.T.O.M.**
- 16.18 Batman**
- 16.43 Könnuðurinn Dóra**
- 17.08 Pocoyo**
- 17.18 Refurinn Pablo**
- 17.28 The Bold and the Beautiful**
- 17.53 Nágrannar**
- 18.18 Ísland í dag og veður**
- 18.30 Fréttir**
- 18.50 Ísland í dag**
- 19.25 The Simpsons (17:22) (e)**
- 19.50 Friends 4 (19:24)**
- 20.15 Gossip Girl (3:22)** Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York.
- 21.00 Nip/Tuck (2:14)** Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti
- 21.50 The Closer (8:15)**
- 22.35 Oprah** (Tom Hanks And Julia Roberts Toget)
- 23.20 Stelpurnar**
- 23.45 Grey's Anatomy (2:9)**
- 00.30 Kompás**
- 01.05 Hotel Babylon**
- 02.00 Intimate Strangers**
- 03.40 Picture Claire**
- 05.10 The Simpsons (17:22) (e)**
- 05.35 Fréttir og Ísland í dag**
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ**

SÝN2

- 07.00 Tottenham - Arsenal** (Enski deildar-bikarinn) e.
- 16.15 Tottenham - Arsenal** e.
- 17.55 Gillette World Sport**
- 18.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
- 19.20 World's Strongest Man 2007**
- 19.50 Everton - Chelsea** (Enski deildar-bikarinn) Bein útsending frá síðari leik Everton og Chelsea í enska deildar-bikarnum.
- 21.50 Valencia - Atl. Madrid Spænska bikarkeppnin** Útsending frá leik Valencia og Atletico Madrid í spænsku bikarkeppninu. Leikurinn var í beinni útsendingu á Sýn Extra kl 20.55
- 23.30 Inside Sport** (Tim Henman / Drugs in Cycling) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum átum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
- 23.55 Spænsku mörkin** Öll mörkin úr síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttaréttamenn Sýnar krylja öll umdeildustu atvikin með Heimi Guðjónssyni.
- 00.40 Everton - Chelsea** (Enski deildar-bikarinn) e.

SÝN2

- 16.50 Portsmouth - Derby** Útsending frá leik Portsmouth og Derby í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.
- 18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
- 19.00 Coca Cola mörkin**
- 19.30 English Premier League** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 20.30 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, stendur vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.
- 21.55 Leikur vikunnar**
- 23.35 Newcastle - Bolton** Útsending frá leik Newcastle og Bolton í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram laugardaginn 19. janúar.

SKJÁREINN

- 07.00 Skólahreysti (e)**
- 08.00 Dr. Phil (e)**
- 08.45 Vörutorg**
- 15.50 Vörutorg**
- 16.50 World Cup of Pool 2007 (e)**
- 17.45 Dr. Phil**
- 18.30 The Drew Carey Show (e)**
- 19.00 5 Tindar (e)**
- 20.00 Less Than Perfect** Bandarísk gamanseria sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem sjálfsefsekt og svikult starfsfólk kryddar tilveruna.
- 20.30 Giada's Everyday Italian (21:26)** Það er komið að jólaeveislunni og Giada matreiðir uppáhaldsmeðlætið sitt með aðstoð frænku sinnar. Fylltir sveppir, fylling með kalkúnappylsu og kastanluhnetum, rósa-kál með pancetta-beikoni og polenta með gorgonzola-osti.
- 21.00 Canada's Next Top Model (4:8)** Það eru sjö stúlkur eftir og í myndatökunni brotnar ein stúlkun saman.
- 22.00 The Dead Zone (3:12)** Fjórdi þáttaröðin um Johnny Smith, kennarann sem lá í dái í sex ár og vaknaði með ótrúlega hæfileika. Hann sér framtíð þeirra sem hann snertir og þarf oftast en ekki að taka í taumana og bjarga lífi og línum viðkomandi. Þættirnir eru byggðir á samnefndri sögu eftir spennumeistarann Stephen King og aðalhlutverkið leikur Anthony Michael Hall.
- 22.50 The Drew Carey Show**
- 23.15 Heroes (e)**
- 00.15 High School Reunion (e)**
- 01.05 Nátturfarnar**
- 01.05 C.S.I. Miami**
- 01.50 Ripley's Believe it or not!**
- 02.35 The World's Wildest Police Videos**
- 03.20 Vörutorg**
- 04.20 Óstöðvandi tónlist**

SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.
- OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í KVÖLD

**SÝN KL. 19.50
Everton - Chelsea**

Þetta er síðari leikur liðanna í undanúrslitum enska deildar bikarsins en leikurinn fer fram á Goodison Park í Liverpool. Fyrri leikur liðanna fór 2-1 fyrir Chelsea og það er því ljóst að bæði lið munu leggja allt í sölnurnar til að komast í sjálfan úrslitaleikinn á Wembley. Það er ljóst að bæði liðin verða án nokkurra lykilmanna en nokkrir af leikmönnum liðanna taka þátt í Afríkukeppninni um þessar mundir. En maður kemur í manns stað og það er ljóst að David Moyes mun gera allt sem í hans valdi stendur til að komast í úrslitaleikinn og eiga möguleika á að lyfta bikarnum en þeir hafa verið sjaldsæðir hjá Everton á undanföllum árum.



► VIÐ MÆLUM MED

Gossip Girl

Stöð 2 kl. 20.15

Þegar ofursmellurinn The O.C. kláraðist var ein stærsta spurningin í Hollywood, hvað höfundur þáttanna, Josh Schwartz, myndi næst gera. Og nú er svarið komið; Gossip Girl. Þar tekur hann upp þráðinn þar sem frá var horfið, heldur áfram að fjalla á sérstaklega trúverðugan og safaríkan hátt um raunir og ástir unglínga. Í The O.C. var það á vesturströndinni en í Gossip Girl er hann kominn á austurströndina, nánar tiltekið til New York þar sem við fáum að skyggast inn í líf ríku unglínganna sem eru gjörsamlega að farast úr firringu og dekri.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | |
|---------------------------------------------|------------------------------------------------------|
| 06.50 Bæn | 17.03 Viðsjá |
| 07.05 Morgunvaktin | 18.00 Kvöldfréttir |
| 09.05 Okkar á milli | 18.24 Auglýsingar |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.25 Spegillinn |
| 10.13 Brot af eilífðinni | 18.50 Dánarfregnir og auglýsingar |
| 11.03 Samfélagið í nærmynd | 19.00 Endurómur úr Evrópu |
| 12.00 Fréttayfirlit | 20.00 Leynifélagið |
| 12.02 Hádegisútvarp | 20.30 Stefnumót |
| 12.20 Hádegisfréttir | 21.10 Út um græna grundu |
| 12.45 Veðurfregnir | 22.12 Lestur Passíúsálma |
| 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar | 22.17 „Íslands göfugasti sonur“ |
| 13.00 Vítt og breitt | 23.00 Gáru |
| 14.03 Tónar að nóni | 00.07 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns |
| 15.03 Útvarpsagan: Stúlka með fingur | |
| 15.30 Dr. RÚV | |
| 16.13 Hlaupanótan | |

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7** FM957 / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

16.00 Hollyoaks (107:260)

16.30 Hollyoaks (108:260)

17.00 Hollywood Uncensored

17.25 Special Unit 2 (5:19)

18.10 Coldplay tónleikar

► 19.00 Hollyoaks (107:260)

Hágæða bresk unglíngasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Þetta er ein vinsælasta þáttaröðin á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

19.30 Hollyoaks (108:260)

20.00 Hollywood Uncensored Hvað gerist á bak við tjöldin í Hollywood.

20.25 Coldplay tónleikar

21.15 Special Unit 2 (5:19) (SU2) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftast ekki eru af yfirlitunum toga.

22.00 NCIS (19:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsvit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.

22.45 American Dad 3 (e)

23.10 Wildfire (5:13)

23.55 Totally Frank

00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Ásdís, Kolfína, Guðrún og Ellý láta sér ekkert óviðkomandi.

21.00 Mördur Mördur Ámason talar um pólitik og skoðar borgarstjórnarskiptin

21.30 Randver Edda Björgvinsdóttir er á sífelldum þönum milli Íslands og Kaliforníu. Randver Þorláksson ræðir við Eddu.

DR 1

11.00 TV Avisen **11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Ha' det godt **13.20** Guld og grønne skove **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer **15.30** F for Får **15.35** Svampebob Firkant **16.00** AMIGO **16.30** PLING BING **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Progeria - 80 år gamle børn **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **20.55** Kriminalkommissær Barnaby **22.35** Onsdags Lotto **22.40** OBS **22.45** Seinfeld **23.10** Arbejdsliv - find et job **23.40** SPAM

NRK1

11.00 NRK nyheter **11.10** Eksistens **11.35** Urter **11.55** Brennpunkt: Brennpunkt - Granskerne **12.45** 4+4:2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.15** Presidenten **14.00** Hemmelig agent på moped **14.30** Sommeren i mitt liv **15.05** Hannah Montana **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Svenske slag **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Ugler i mosen **17.30** Pingvi **17.40** Distriktnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektøren **18.55** Sirkusliv **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis: Da livet snudde **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket **22.55** The Wire **23.50** Viten om: Fra dyrøyne til menneskesyn **00.20** Kulturmytt

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** På spåret **12.40** Local Hero - byns hjálte **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorrön Sverige **16.00** Packat & klart **16.30** Krokodill **17.00** BoliBompa **17.10** Mod **17.20** Voffy **17.25** Amsti **17.30** Löranga, Masarin och Dartanjang **17.45** Desmond **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Tv-stjärnan **20.30** Dubbat **21.00** Konstakning: EM **22.00** Rapport **22.10** Kulturmytterna **22.20** Robins **22.50** Entourage **23.15** Sändningar från SVT24



MIDVIKUDAGAR ER FISKDAGAR

Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum. Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskréttum í verslunum **Fiskisögu**.

Tilboð dagsins er **KARFI Í CHILI & LIME** aðeins **990 krónur** kílóíð.



ævintýrlegar fiskbúðir

- Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Grensásvegi**
Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi



„Það er heit samloka með skinku og osti og ég skola þessu niður með „smoothie“. Það er ein mesta orka sem ég get fundið.“

Davíð Þ. Olgeirsson, tónlistarmaður.

Rífasti business í merkingum í Ráðhúsinu

„Beiðnin kom í morgun og það kemur maður í fyrramálið [í dag] til að sækja hana,“ segir Jóhannes F. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Merkingar, en fyrirtækið hefur séð um að merkja skrifstofur æðstu manna í Ráðhúsinu undanfarið ár. Og haft í nógu að snúast síðan kosið var síðast í borgarstjórn.

Eins og flestum ætti að vera kunnugt hafa verið tíðar mannbreytingar á skrifstofunum í Ráðhúsinu og varla liðin nema þrjár mánuðir síðan Degi B. Eggertssyni voru afhent lykjavöldin við Tjörnina. Á mánudaginn tilkynntu sjálfstæðismenn og frjálslyndir að „gamli“ meirihlutinn væri sprunginn og að Ólafur F. Magnús-



SKIPT UM SKILTI Borgarstjóraskrifstofan er enn merkt Degi B. Eggertssyni en nafn Ólafs F. Magnússonar ætti að vera komið upp eftir fund í borgarráði í dag.

son yrði nýr borgarstjóri höfuðborgarbúa. „Þetta er nú ekkert flókið mál og við erum tiltölulega snöggir að þessu,“ bætir Jóhannes við en frá því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lét af störfum árið 2003 hafa Reykviðingar átt fimm

borgarstjóra: þau Þórolf Árnason, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, Vilhjálmi Vilhjálmsson, Dag B. Eggertsson og nú loks Ólaf F. Magnússon. „Ætli það sé ekki bara einfaldast að senda okkur nöfnin á öllum borgarfulltrúnum og við getum þá bara verið með þessi skilti tilbúin,“ segir Jóhannes í léttnum dúr.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu við síðustu borgarstjóraskipti í október var myndhöggvarinn Helgi Gíslason, sem gert hefur brjóstmyndir af borgarstjórnunum, rétt byrjaður á Markúsi Erni Antonssyni. Og hann, líkt og þeir hjá Merkingu, hefur í nægu að snúast á næstu árum enda borgarstjórnunum nú fjölgað um einn.



ÞRÍR Á SKÖMMUM TÍMA Jóhannes Jóhannesson og félagar í Merkingu hafa haft í nógu að snúast fyrir borgina.

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
14				15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT
2. getraun 6. í röð 8. skil 9. sígað 11. tveir eins 12. lést 14. mælieining 16. gat 17. móðubþykki 18. efni 20. á fæti 21. auma.

LÓÐRÉTT
1. teikning af ferli 3. í röð 4. laga til 5. há 7. súlur 10. traust 13. skilaboð 15. nýtt ár 16. pota 19. kringum.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. graf, 3. áb, 4. titilekt, 5. nýár, 16. óta, 19. um, 11. ll, 12. först, 14. lumen, 16. op, 17. sky, 18. tau, 20. tá, 21. arma.

VEISTU SVARID
Svör við spurningum á bls. 8
1. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson.
2. Álfanesi.
3. Nigella Lawson.

„...fyrst á visir.is“

BJÖRGÓLFUR THOR: ÁHRIFAMIKILL INNAN AMER-ÍPRÓTTAVÖRURISANS

Í sportið eins og pabbi

Íslenski athafnamaðurinn Björgólfur Thor Björgólfsson hefur með fyrirtæki sínu Novator keypt ellefu prósent hlut í finnska íþróttavöruslanum Amer Sports Corporation en Novator átti fyrir lítinn hlut. Jafnframt hefur náðst samkomulag við fyrirtækið Ajanta um bandalag innan fyrirtækisins en það á ellefu prósent í Amer Sports og samantlagt eiga fyrirtækin því rúman fjórðungshlut.

Amer Sports er eitt af stærstu íþróttafyrirtækjum heims og framleiðir vörur á borð við Salomon-skíði og Wilson-íþróttavörurnar. Ekki vantar stórstjórnurnar innan fyrirtækisins en meðal helstu fánabera þess eru ruðningskappinn Tom Brady sem fer fyrir liði sínu, New England Patriots, í Ofurskálinni í næsta mánuði, tennismaðurinn Roger Federer sem hefur verið nánast einráður á tennisvöllinum undanfarið ár og loks kylfingurinn Pádraig Harrington sem vann Opna breska mótið í fyrra en það er eitt stærsta golfmótið á bandarísku og evrópsku mótaroðinni.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators, segir Amer Sports Corporation vera spennandi kost, þetta sé félag sem hafi verið að ná til sín þekktum vörumerkjum. Og að nú séu að opnast markaðir í Asíu og víðar þar sem milljónir og og jafnvel hundruð milljóna séu að komast í aukin efni sem þýði jafnframt ásókn í slíkar vörur. „Áhugi Novator liggur fyrst og fremst þar og fyrirtækið vill leggja sitt af mörkum til að vinna þessum vörum veg í öðrum heimsálfum,“ segir Ásgeir og bætir því við að auðvitað sé alltaf einhver ákveðinn sjarmi í kringum íþróttavörufyrirtæki, þar séu manneskjur með mikinn metnað en ekki dauðir hlutir eins og kaffi, kol eða olía. Hann sagði hins vegar ekki hægt að spá fyrir um hvort verið væri að tjalda til einnar nætur eða tuga ára. Björgólfsfeðgarnir eru því smám saman að fíkra sig inn á íþróttamarkaðinn en eins og flestum ætti að vera kunnugt á Björgólfur Guðmundsson, faðir Björgólfs, knattspyrnufélagið West Ham. freyrgigia@frettabladid.is



Á ÍPRÓTTAMARKAÐINN Björgólfur Thor á núna fjórtán prósent í finnska íþróttavöruslanum Amer Sports Corporation.



FREMSTIR Í SINNI RÖÐ Þeir Tom Brady, Pádraig Harrington og Roger Federer þykja allir með þeim bestu í sínu fagi og eru allir á mála hjá Amer Sports.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenska hljómsveitin Muzik Zoo er ein af þeim sem koma til greina sem upphitunarsveit á tónleikum rokkarans Tommy Lee og DJ Aero á Nasa á föstudaginn. Forsprakki Muzik Zoo er **Ivar Örn Kolbeinson** sem var áður í hinni alræmdu sveit Dr. Mister & Mr. Handsome. Verði giggið að veruleika má telja líklegt að þeir Ivar Örn og Tommy muni skiptast á hinum ýmsu sögum úr bransanum, sem flestar yrðu væntanlega stranglega bannaðar börnum.



Fréttamenn og aðrir undruðust þegar **Ólafur F. Magnússon** firrtist við á blaðamannafundi þegar borin var upp að því er virðist réttmæt spurning um hvort hann væri orðinn nægjanlega heill heilsu til að takast á hendur annasamt borgarstjórarstarf. Bæði hefur Ólafur verið frá í ár sökum veikinda auk þess sem varamaður hans styður gerninginn ekki. **Dagur B. Eggertsson** þykist illa svikinn, ekki bara hvað varðar hin borðleggjandi svik, heldur hitt sem ekki hefur komið fram að Dagur hefur hjálpað kollega sínum læknum Ólafi í hans veikindum á alla lund og lagði sérstaklega drög að röglegru endurkomu hans með tilliti til veikindanna.

Tveir íslenskir kvikmyndagerðarmenn koma við sögu á Óskarsverðlaunahátíðinni í næsta mánuði. Tæknibrællumeistarinn **Daði Einarsson** vann mikið við gerð ævintyrakvikmyndarinnar The Golden Compass og eru tæknibrællurnar í þeirri mynd tilnefndar til Óskarsverðlauna. Þá er kvikmyndin Mongol frá Kasakstan tilnefnd í flokknum besta erlenda myndin en **Valdis Óskarsdóttir** á heildurinn að klippingunni í þeirri mynd.



Íslandskynning á paradísareyju

Ein af eyjunum í Karíbahafinu er Antígva. Þar búa rúmlega áttatíu þúsund manns í góðu yfirlæti. Nú hefur finnskur tæknimaður hjá RÚV, Jan Murtoamaa, ákveðið að koma á menningarsambandi á milli Íslands og Antígva.

„Ég var á ferðalagi þarna fyrir tveimur árum og eins og oft þegar ég er einhver staðar þá heimsótti ég útvarpsstöðina til að kynna mér aðstæður,“ segir Jan. „Þar hitti ég fullt af skemmtilegu fólki, þar á meðal útvarpsstjórann. Á þessum tíma var ég að undirbúa beina útsendingu frá New York þar sem Andy Roberts Group spilaði þrjú íslensk lög. Þetta var í beinni á Rás 2 í fyrra. Fólklið á stöðinni stakk þá upp á því að eitthvað svipað yrði gert frá Antígva. Ég hélt að þetta væri nú bara eitt-hvert grín en áður en ég vissi af var útvarpsstjórinn búinn að tala við ferðamálaráðherra-ann sem leist vel á og tók upp bodduna.“

Niðurstaðan er því sú að um mánaðamótin apríl/mái – sem ber upp á „sailing week“, stærstu ferðavikuna á Antígva – mun elsta stáltrommuband í heimi, Hell's Gate Steel



JAN MURTOAMAA Kemur á menningarsambandi milli Íslands og Antígva.

Drum Orchestra, spila þrjú íslensk lög í beinni, bæði á Rás 2 og Útvarpi Antígva. „Þessi hljómsveit hefur verið starfandi á eyjunni síðan 1945 og í henni eru um 40 manns,“ segir Jan. „Íslensku lögin sem urðu fyrir valinu eru Vor í Vaglakögi, Ég stand á skýi með SSSól og Verum í sambandi með

Sprengjuhöllinni. Peter Fenner, sá sami og samdi enska textann við Valentine's lost, mun semja enska texta við lögin.“

Jan segir fólk á Antígva lítið sem ekkert vita um Ísland en sé áfjád í að kynna landinu. „Ferðamálaráðherra er mjög spennur og mjög rausnarlegur. Fyrir utan að borga fyrir allt sem viðkemur tónleikum og útsendingunni ætlar hann að borga fyrir heljarinnar Íslandskynningu á útvarpsstöðinni. Svo verður samkeppni þar sem útvarps-hlustendur á Antígva geta unnið ferð hingað og hlustendur Rásar 2 geta unnið ferð til Antígva. Það verður líka gerð heimildarmynd um þetta allt saman sem RÚV fær að sýna endurgjaldslaust.“

Jan segir Antígva frábæran stað og að upplagt sé að koma á víðtæku menningarsambandi á milli okkar og þeirra. „Þetta er algjör paradís og auglýsir sig oftast sem rómantískan afslóppunarstað. Ekkert stress og allir brosandir og vinalegir. Hitinn er alltaf um 30 stig og eyjan sleppur yfirleitt við fellyblí.“

visir.is
...ég sá það á visir.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

VETRARDAGAR Í RÖNNING

Tilboðsverð
110.900



Tilboðsverð
79.900



Tilboðsverð
89.900



Tilboðsverð
55.900



Tilboðsverð
54.900



NRK63321E

Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 229L
Nýtanlegt rými frystis: 75L
Hljóðstig: 41dB(A)
LCD-skjár
Sjálvirk afþýðing frystis
Hæð: 180 cm

RK6335E

Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frystis: 103L
Hljóðstig: 39dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 177 cm

R63392E

Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 388L
Hljóðstig: 39dB(A)
LCD-skjár
Kælivífta
Hæð: 180 cm

RK6285W

Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frysti: 59L
Hljóðstig: 39dB(A)
Hæð: 155 cm

RF6275W

Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 190L
Nýtanlegt rými frysti: 68L
Hljóðstig: 41dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 143,5 cm

Fjöldi
annarra
tilboða á
kæli- og
frysti-
skápum

Kíktu við og fáðu
frítt eintak af
uppflettiritinu
„Brrrh“.
Góð ráð þegar þú
kælir og frystir.

vel valin
ráð úr
„Brrrh“



1 Appelsínur eru bestar að vetri til. En ef þig langar líka í appelsínur hinn hluta ársins veldu þá appelsínur með brúna flekki - þeir eru til marks um gæði.

2 Ef þú átt smá dreitil eftir af rauðvíni í flöskunni, eða eitthvað af þeyttum rjóma, ekki henda honum. Settu rauðvínið í kælipoka og rjómann í klakabox og frystu svo. Þá er alltaf hægt að bæta í sósu síðar.

3 Settu avókadókjarnann í guacomole-idýfuna þannig að aðeins efsti hlutinn sést og settu plastfilmu yfir skálina. Þá ertu með idýfu í marga daga - og í rétta litnum.

4 Settu eitt lag af jarðarberjum á bakka inn í frysti án þess að þau snertist. Eftir sólarhring skaltu frysta þau í plastpoka. Þannig geturðu verið viss um að berin hafa ekki frosið saman í einn stóran kökk þegar þig vantar ber í fordrykkinn.

5 Ef ísskápurinn lyktar illa settu inn í hann bolla af kaffikorgi í einhverja hilluna. Hann fjarlægir lyktina.



RÖNNING

ronning.is

REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011

AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYDARFJÖRDUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200

Tilboðin gilda meðan birgðir endast eða til 24. febrúar.

Goð ráð þegar þú kælir og frystir
brrrh



BAKPANKAR
Þórhildar Elínar
Elinardóttur

Dásamlegu harðindi


Stöku foreldri segist aldrei hafa spurft að heyja baráttu við svæfingar. Það væri gróft að væna fólk um lygimál, en að minnsta kosti er það trúlega blessunarlega minnislaust. Ef til vill hefur náttúran þennan háttinn á, að þurrka jafnóðum út af harða disknum allt bróltið og umstangið sem fylgir foreldrahlutverkinu svo fólk missi nú ekki áhugann á að annast litlu grísina.

SUMIR búa lengileingi við daglega upprifjun á þeirri valdabaráttu sem svefnþjálfun getur verið. Sama fólk er alltaf jafnhissa á að sum börn þurfi virkilega að þjálfa til að sofa, því eftir viðvarandi vökur þráum við sjálf fátt heitar en væran blund. Það hefði verið miklu notalegra ef tæknin hefði verið innbyggð í barnið strax í verksmiðjunni.

TIL að vera sómasamlegur svefnþjálfari er mikilvægt að búa yfir fleiri eiginleikum en styrk til að þola langvarandi svefnleysi án þess að snappa. Til dæmis ósveigjanleika og harðneskju að ógleymdri kuldalegri framkomu. Þessa persónuleikabresti þurfum við að sýna barninu til að það skilji að nú er nótt og þjónustumiðstöðin er lokuð. Leiðinlega viðmótið skal hefjast umsvifalaust og við höfum baðað blíðlega, lesið ástúðlega og raulað róandi vöggvísu yfir ungunum. Einmitt þá eigum við að skipta um karakter og sýna barninu umbúðalaust í tvo heimana.

KVÖLD eitt eftir langt úthald við að koma minnsta grjóninu í svefn legg ég loks niður vopnin og pota mér eins og Gúllíver í Putalandi við hlið hennar í litla rúmið. Hún er síst á þeim buxunum að hætta gríninu en heldur áfram að hnoðast þrátt fyrir sussin og bíin. Telur tásurnar, mátar þær á koddann, er aftur þyrst. Einmitt þegar ég er að hugsa hvort þetta verði svona ævilangt, vefur hún höndunum þéttingsfast um háls mér og gefur af örlæti rembingskoss. Þýður til viðbótar sameiginleg afnot af snuddunni og hvíslar í rökkrunu: „Jitta badd“. Litla barn.

Í nýlegum fréttum var ríft að uppi í heiminum vinna 220 milljónir barna fullan vinnudag við vöndar aðstæður fyrir smáaura. Kannski getum við hér fátt gert annað en spyrja óþægilegra spurninga og vanda innkaup. Og líka verið þakklát fyrir aðstæður barnanna okkar sem lofnast loksins út af í mjúku rúmi undir hlýrri sæng.



GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn
23. janúar, 23. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	10.39	13.39	16.40
Akureyri	10.38	13.24	16.11

Heimild: Almanak Háskólans

www.toyota.is

HUGSAÐU HRATT

Hlaupárið byrjar á spennandi sértíloðum

RAV4 Avensis Corolla Yaris Auris



Toyota - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértíloðum í takmarkaðan tíma. Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4? Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



TODAY TOMORROW TOYOTA